



Hún beið lengi eftir stoðsendingu frá stúðinum álfín sem vappaði ein og frí á kanti ísilagðrar Reykjavíkurtjarnar í gær meðan fótboltaleikur menntaskólastúlkna stóð sem hæst á ísum. Þær létu álfínina ekki trufla leikinn og ekki þýddi að gefa á hana svona kolrangstæða. Einhver bið verður nú á frekari fótboltaíðkun á tjörninni enda hlýindi í kortunum. FÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Hyggst framleiða bíla á Íslandi

Íslenskur bílahönnuður undirbýr þróun, hönnun og framleiðslu á Íslandi á tveggja manna sportbíl í fáum en dýrum eintökum. Þetta yrði fyrsti bíllinn framleiddur hér á landi fyrir almenna notkun.

**IDNAÐUR** Hópur manna undir forystu Ólafs Joshua Baldurssonar bílahönnuðar undirbýr opnun þróunarmiðstöðvar og bílaverksmiðju hér á landi. Fyrirhugað er að þróa, hanna og framleiða ofursportbíla sem fengið hafa nafnið Viking Union.

Ólafur hefur unnið við bílframleiðslu tvo síðustu áratugi, meðal annars fyrir bílframleiðandann Koenigsegg þar sem hann bar ábyrgð á samsetningu véla. Á síðustu árum hefur hann unnið í Bretlandi við hönnun sportbíla

og mótorhjóra, meðal annars fyrir fyrirtækið Supercars System við sérsmíði sportbíls.

Áætlanir fyrirtækisins Viking Union Auto Motive, sem Ólafur stýrir, er að þróa, hanna og framleiða mjög dýran sportbíl undir nafninu Viking Union sem væri tveggja manna götubíll með yfirbyggingu og einrýmishönnun úr koltrefjum. Gangi áformin eftir verður þetta fyrsti bíllinn sem framleiddur er á Íslandi fyrir almenna notkun og í raun og veru fyrsta íslenska bílamerkið. Í upp-

» Fyrirtækið Viking Union Auto Motive ætlar að framleiða dýra sportbíla undir nafninu Viking Union.

hafi er ætlunin að framleiða um 10-14 bíla á ári, eða um það bil einn á mánuði. Framleiðsla yfir 60 bíla á ári kallar á mun strangari framleiðslureglur.

Að mati Ólafs eru á Íslandi góðar aðstæður til að hanna, þróa og jafn-

vel smíða bíla á Íslandi. „Fyrir mér er Ísland óskaland fyrir þetta verkefni, ekki bara fyrir sérstöðu þess heldur einnig að hér eru þær aðstæður sem til þarf,“ segir hann. Hann segir að áhugi sé hér á landi á sérsmíði bíla. Þá sé málsmíði mjög sterk hér sem þróast hefur út frá sjávarútvegi.

Næstu skref séu að finna hér hentugt húsnæði með aðgengi að prófunarbraut auk fjármagns. Hann segir að nú þegar sé um borð stór erlendur fjárfestir.

Ólafur er í viðtali í Bílalaðinu, fylgiriti dagsins. – ng, ds

## Enginn héðan á Wuhan svæðinu

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína, sendi allt kínverska starfsfólkið heim vegna kórónaveirunnar og aðeins Íslendingar eru að störfum. Á rúmlega eitt hundrað Íslendingar eru í Kína en enginn á einangraða svæðinu við Wuhan. Um fjórutíu eru í Peking, nokkrir tugir í Shanghai og Hong Kong og svo fólk víða um landið. „Andrúmsloftið er frekar þrúgandi, fáir á ferli, allir með grímu,“ segir Gunnar. – ab / sjá síðu 4



Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína.



Atvinnubílar

## Volkswagen Crafter

Hlaðinn búnaði!



Tilboðsverð


4.830.000 kr. án vsk.

Volkswagen Crafter sendibíll. Sjálfskiptur.



HEKLA · Laugavegi 170 · Sími 590 5000 · Volkswagen.is

## Veður



Vaxandi sunnanátt í dag, 10-18 m/s seinni partinn með slyddu eða snjókomu, en síðar rigningu. Heldur hægari og þurr NA til, en dálítil snjócoma þar í kvöld. Hlýnandi veður. **SJÁ SÍÐU 14**



Frá æfingu Kórdrengja í Safamýri.

## Kórdrengir fá myglugeymslu frá borginni

**ÍPRÓTTIR** Íþróttafélagið Kórdrengir hafa gert leigusamning við Reykjavíkurborg um afnot af geymslu í frístundaheimilinu Álftabæ við Safamýri 28, sem áður var félagsheimili Fram. Í umsókn félagsins kemur fram að félagið reki lið í fótbolta, handbolta og skák en fótballalið félagsins æfi alla virka daga á svæði fyrir framan frístundaheimilið. Liðið var eitt af spútnikliðum íslensku deildakeppninnar í fyrra og vann öruggan sigur í þriðju deild. Undirbýr liðið sig nú af kappi fyrir baráttuna í annarri deildinni.

» Kórdrengirnir gera sér grein fyrir því að húsnæðið er illa farið vegna myglu og borgin lánar þeim það tímabundið án endurgjalds.

Geymslan í Safamýrinni er hugsuð fyrir æfingadót félagsins. „Ég tel alla okkar starfsemi vera mjög heilbrigða og eingöngu vera húsinu til sóma,“ segir í umsókn sem yfirþjálfari félagsins, Davíð Lamude, skrifar til borgarinnar. Þá kemur fram í umsókninni að Kórdrengir geri sér fulla grein fyrir því að húsnæðið sé skemmt vegna myglu. Í ljósi ástands húsnæðisins ákvað Reykjavíkurborg að lána félaginu húsnæðið tímabundið án endurgjalds. – bp

## Sjómenn læra réttu viðbrögðin



Nemendur í endurmenntun Slysavarnaskóla sjómanna við æfingu í Reykjavíkurhöfn. Þegar ljósmyndara bar að garði voru þeir að finna hitamuninn við loft og gólf. Skólinn er rekinn af Landsbjörg og var stofnaður árið 1985, til að sinna öryggisfræðslu fyrir sjómenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## 570 milljón króna verðmiði á Kirkjuhúsið

**FASTEIGNIR** 570 milljón króna verðmiði hefur verið settur á hið fræga Kirkjuhús við Laugaveg 31, sem Þjóðkirkjan hefur margsinnis sett á sölu á undanförunum árum. Fram að þessu hefur aðeins verið boðið upp á tilboð.

» Fasteignamatíð hefur hækkað úr 362 milljónum í 625 síðan árið 2017.

Árið 2017 var húsið sett á sölu en ákveðið var að biða um stund þótt tilboð hefðu borist. Hefur húsið síðan nokkrum sinnum verið sett aftur á sölu. Fasteignamat hússins hefur hækkað mikið á þessum tíma, árið 2017 var það 362 milljónir en er 625 milljónir í dag. Húsið er alls tæpir 1.542 fermetrar og var byggt árið 1945. Biskupsstofa flutti inn í það árið 1994 en hefur undanfarið verið að færa starfsemi á annað. – khg

# Unglingar í Grafarvogi safna fyrir Hróa Hött

Unglingar í Grafarvogi standa nú fyrir viðburðum á góðgerðavíku í Grafarvogi. Safna fé til styrktar Hróa Hetti, félagi sem styður grunnskólabörn sem liða skort. Listamenn munu gefa vinnu sína á Kaffihúsakvöldi annað kvöld.

**SAMFÉLAG** „Við kölluðum unglunga úr öllum félagsmiðstöðvum í Grafarvogi saman á fund þar sem þau ákváðu hvernig verkefnið skildi framkvæmt og hvaða málefni skyldi styrkja,“ segir Helga Hjördis Lúðvíksdóttir, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Púgyn og verkefnastýra Góðgerðavíku sem nú stendur yfir í Grafarvogi.

„Góðgerðavíkan var haldin í Grafarvoginum fyrir einhverjum árum síðan og nú erum við að endurvefja hana,“ segir Helga. „Krakkarnir sjá um alla skipulagningu og við styðjum við bakið á þeim og reynum að hjálpa eins og við getum,“ bætir hún við.

Hópur unglunga úr hverfinu tekur þátt í góðgerðaráði sem sér um að skipuleggja Góðgerðavíkuna og valdi ráðið að styrkja við barnavinafélagið Hróa Hött sem hefur það að markmiði að styðja fjarhagslega við bakið á þeim grunnskólabörnum sem liða skort á einhvern hátt.

Eydís Birta Aðalsteinsdóttir, nemandi í tíunda bekk í Kelduskóla og meðlimur í góðgerðaráðinu, segir að Hrói Höttur hafi orðið fyrir valinu því að krökkunum hafi þótt málefnið skipta miklu máli. „Þetta tengist unglíngum og börnum og þessi viðburður er fyrir börn og unglinga,“ segir hún.

„Okkur langaði líka að vekja meiri athygli á þessu félagi vegna þess að margir sem við töluðum við höfðu enga hugmynd um hvað þetta væri,“ segir Eydís.

Helga segir að krakkarnir hafi verið sammála þegar kom að því að velja málefnið og að það standi þeim nærri. „Þeim þótti vænt um að geta styrkt krakka á þeirra aldri



Krakkarnir voru sammála um val á málefni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

sem upplifa það að komast kannski ekki með í skólaferðalög eða geta ekki fengið mat í skólanum,“ segir Helga.

Á Góðgerðavíkunni eru haldnir þrjár stórir viðburðir og rennur allt það fé sem krakkarnir safna beint til Hróa Hattar. „Í gær var opið hús þar sem var hægt að gera alls konar skemmtilegt. Til dæmis borga þrjú hundruð krónur fyrir brjóstsykursgerð og rjómakast í starfsmenn,“ segir Eydís.

„Á morgun höldum við kaffihúsakvöld þar sem verða þó nokkrir listamenn sem við fengum til þess að gefa tíma sinn og vera með okkur og svo verða tveir stuttir fyrirlestrar,“ segir Eydís.

Meðal þeirra sem koma fram á kaffihúsakvöldinu sem haldið verður í Hlöðunni í Gufunesbæ á milli klukkan 19 og 22 eru Alda Dís, Heiða Ólafs og Þorsteinn Einars. „Við erum líka búin að vera að safna mörgum vinningum til þess að geta haldið geggjáð happdrætti og verðum með kaffisölu. Við vonumst til þess að sjá sem flesta og njóta kvöldsins,“ segir Eydís.

„Svo á föstudaginn þarf auðvitað að enda svona góða viku á sturluðu balli. Jói P. og Króli munu koma fram ásamt nokkrum unglíngum dj-um. Inn á ballið mun kosta 500 krónur og við vonum að allir munu skemmta sér konunglega.“

birnadrofn@frettabladid.is

**ÚU**  
ÚRVAL ÚTSÝN

**BUNGALOWS PARQUE CRISTOBAL 3\***

**KANARÍ | 7. -14. FEBRÚAR**  
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUGISTING  
SMÁHÝSI MEÐ 2 SVEFNHERBERGJUM  
VERÐ FRÁ **99.900 KR.**

Á MANN M.V. FYRIR TVÖ FULLORÐNA OG TVÖ BÖRN

NÁNAR Á [UU.IS](http://UU.IS) | [INFO@UU.IS](mailto:INFO@UU.IS) | SÍMA 585 4000

STILLANLEG RÚM  
-20-50%

HÆGINDASTÓLAR  
-30%

LÝKUR Á LAUGARDAG

LÝKUR Á LAUGARDAG

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG 20-50% AFSLÁTTUR



ILMKERTI  
-20%

MIA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 99.888 KR

LAGAR SIG EINSTAKLEGA VEL AÐ  
LÍKAMANUM

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 132.340 KR

HEILSURÚM  
-20-50%

LÝKUR Á LAUGARDAG LÝKUR Á LAUGARDAG

30%  
AFSLÁTTUR



COMO HÆGINDASTÓLL

ÚTSÖLUVERÐ 30.450 KR

EINN LITUR, KREM

VERÐ ÁÐUR 43.500 KR



HÍÐ SÍVINSÆLA  
CORINNA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 149.161 KR

VEITIR EINSTAKAN STUÐNING  
OG ÞYNGDARDREIFINGU

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 197.030 KR



## FRÉTTABLAÐIÐ IS

**1** Viðvarandi skjálftavirkni og stöðugt landrís á Reykjaneskaga Samkvæmt sérfræðingi Veðurstofunnar er landrísð komið vel yfir fjóra sentimetra.

**2** Fullyrðir að nýr lyfjakokteill hafi virkað gegn kórónavírusnum Lyfjakokteillinn inniheldur lyf gegn HIV og öðrum flensuveirum.

**3** Hótel Skúla Mogensen úrskurðað gjaldþrota Hótelinu Base var lokað og öllu starfsfólki þess sagt upp störfum.

**4** Veðbankar spá Hildi Óskarsverðlaunum Hildur Guðnadóttir hlaut BAFTA-verðlaunin og hafði þar áður unnið Golden Globe, Emmy og Grammy verðlaun svo eitthvað sé nefnt.

**5** Viðskiptavinir Cintamani sitja í súpunni eftir fall fyrirtækisins Viðskiptavinur, sem á 70 þúsund króna inneignarnótu, kvartar sáran undir upplýsingaskorti eftir fall félagsins.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á [www.frettabladid.is](http://www.frettabladid.is)

## Mest fjölgun í Ásahreppi

**SAMFÉLAG** Íbúum landsins fjölgaði um 761 á tímabilinu 1. desember 2019 til 1. febrúar 2020. Hlutfallslega fjölgaði íbúum í Ásahreppi mest, eða um 3,2 prósent, úr 251 íbúa í 259. Þetta kemur fram í tölum frá Þjóðskrá Íslands.

Íbúum í Skútustaðahreppi fækkaði hlutfallslega mest á sama tímabili en þeim fækkaði um sautján íbúa eða 3,4 prósent, úr 507 íbúum í 490.

Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði íbúum um alls 629. Mest var fjölgunin í Reykjavíkurborg en þar fjölgaði um 442 einstaklinga og því næst í Kópavogi þar sem íbúum fjölgaði um 131. Á Seltjarnarnesi fækkaði íbúum um sextán og í Hafnarfirði um fimmtán. Íbúar höfuðborgarsvæðisins voru alls 233.656 talsins þann 1. febrúar á þessu ári. –bdj

# Hætta við byggingu á gagnaveri á Hólmsheiðinni

**VIÐSKIPTI** Síminn hefur horfið frá þeim áætlunum að reisa allt að 10 þúsund fermetra gagnaver á Hólmsheiði.

Fyrirtækið fékk vilyrði fyrir lóð undir slíkt ver um mitt ár 2017. Annars vegar hefðbundið lóðarvilyrði upp á 8.000 fermetra byggingu og síðan tímabundið vilyrði fyrir að gagnaverið yrði allt að 10 þúsund fermetrar.

Ætlaði fyrirtækið að greiða 1.500



Orri Hauksson, forstjóri Símans.

» Síminn fékk vilyrði fyrir 10 þúsund fermetra lóð.

krónur fyrir hvern byggingarfermetra eða 15 milljónir ef hámarksbyggingarmagn yrði að veruleika.

Fyrirtækið átti kost á því að kalla eftir lóðinni þegar nýtt deiliskipu-

lag svæðisins yrði samþykkt. Það var auglýst í september 2019. Í fundargerð Borgarráðs frá 30. janúar kemur fram að Síminn hafi horfið frá fyrri áætlunum og afþakki því lóðarvilyrði.

Áður en Síminn horfði til Hólmsheiðar varðandi byggingu gagnavers voru uppi hugmyndir um að byggja á Esjumelum, en Hólmsheiðin þótti betur staðsett vegna tenginga. –bp

# Íslendingarnir í Kína ekki á einangraða svæðinu í Wuhan

Einungis Íslendingar verða við vinnu í sendiráðinu í Peking út þessa viku vegna kórónaveirunnar. Sendiherra Íslands í Kína segir andrúmsloftið í borginni vera þrúgandi. Áhrifin af einangrun Wuhan borgar geti verið mikil á alþjóðavísu, en þar er til dæmis glerhjúpur tónlistarhússins Hörpu framleiddur.

**UTANRÍKISMÁL** „Ég neyðist til að senda allt kínverska starfsfólkið heim, það verða bara Íslendingar við vinnu næstu daga,“ segir Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína. Á fjórða hundrað hafa nú látið lifið af völdum kórónaveirunnar, sem kennd er við borgina Wuhan, og meira en 18 þúsund hafa smitast. Hafa kínversk yfirvöld mælt til þess að fólk haldi sig heima í vikunni.

Á annað hundrað Íslendinga eru nú í Kína en enginn á einangraða svæðinu í kringum Wuhan. „Það eru um fjórutíu hér í Peking, nokkrir tugir í Shanghai, svipað margir í Hong Kong, svo er fólk á víð og dreif um landið. Sendiráðið er inni á gaffli hjá eistneska sendiráðinu, þeir eru með einn verkamann í Wuhan og eru í stökustu vandræðum með að ná honum heim, þó að þeir fái ferðaleyfi þá er vandamál að fá flug,“ segir Gunnar Snorri. Hann segir Peking ansi tómlega þessa dagana. „Andrúmsloftið er frekar þrúgandi. Það eru fáir á ferli, allir með grimu. Það er mikið eftirlit, stofnanir eru að hitamæla fólk. Í húsinu þar sem ég bý er búið að setja filmu, sem er skipt um reglulega, yfir alla staðina í lyftunni sem fólk snertir.“

Hann segir kínversk stjórnvöld hafa brugðist of hægt við veirunni en allt gangi vel nú þegar kerfið er komið á fullt. „Kerfið er hægt að fara af stað, en þegar það gerist þá er það mjög agað. Takmarkanir á upplýsingaflæði sem fylgir stjórnarfarinu hér hindruðu skýrar og afgerandi aðgerðir í byrjun, en nú fer allur massi ríkiskerfisins í að hindra



Tómlegt var um að litast í Peking, höfuðborg Kína, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

útbreiðsluna. Við sjáum það skýrt með 600 þúsund fermetra sjúkrahúsi sem var byggt á nokkrum dögum í Wuhan.“

Flugfélög víða um heim hafa fellt niður flug til Kína, þar á meðal hefur Íslandspóstur hætt sendingum til landsins. Bandaríkin hafa sett strangar reglur um inngöngu í landið eftir dvöl í Kína. Gunnar segir Kínverja taka slíkar aðgerðir nærri sér, sérstaklega afgerandi aðgerðir Bandaríkjanna. „Þetta

eykur spennuna og tortryggina sem var nóg fyrir.“

Fimm Íslendingar starfa í sendiráðinu, andlitsgrimur og handspritt er alls staðar uppselt. „Við fengum ræðismann Íslands í Taílandi til að koma til okkar sendingu af spritti,“ segir Gunnar. „Það eru allir skólar lokaðir þannig að krökkunum dauðleiðist, það eru svona helstu persónulegu áhrifin.“

Gunnar Snorri var síðast í Wuhan fyrir ári síðan, kom þá meðal annars

**Borgin er hlekkur í kínverskum iðnaði, ef Wuhan er ekki að skila sínu þá getur það haft áhrif um allan heim.**

Gunnar Snorri Gunnarsson, sendiherra Íslands í Kína



fram í sjónvarpsþætti. „Við höfum ræktað gott samband við Wuhan sem er vinabær Kópavogs. Ég hef mikla samúð með borgurinum,“ segir hann. „Þetta er iðnaðarborg með 11 milljón íbúa, alveg í hjarta Kína. Borgin er hlekkur í kínverskum iðnaði, ef Wuhan er ekki að skila sínu þá getur það haft áhrif um allan heim. Kína er orðið miklu stærra en fyrir 17 árum þegar HABL-veiran kom upp.“

Við Íslendingar eigum meira að segja kennileiti frá Wuhan. „Glerhjúpurnin utan um Hörpu kemur frá Wuhan. Það var fyrirtæki þar sem byggði hann og þegar það kom upp galli þá var hann sendur aftur til Wuhan. Svo komu iðnaðarmenn frá Wuhan til að setja hann upp.“

Annars er Gunnar Snorri sjálfur mjög rólegur yfir veirunni. „Þetta er tiltölulega há dánartala, en þetta er ekki bráðsmitandi.“

[arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## Staða upplýsingafulltrúa ekki auglýst

**STJÓRNSÝSLA** Ný staða upplýsingafulltrúa forsætisráðuneytisins var ekki auglýst en starfið hafði ekki verið til í nokkur ár. Í byrjun janúar var grein frá því að Rósa Guðrún Erlingsdóttir hefði verið ráðin í þetta nýja starf og hefði hafið störf í desember, en Rósa starfaði áður sem sérfræðingur á sviði jafnréttismála síðan árið 2013. Sama dag var greint frá því að Lára Björg Björnsdóttir hefði hætt sem upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, en hún hafði starfsstöð í forsætisráðuneytinu.

Samkvæmt Ágústi Geir Ágústssyni, skrifstofustjóra ráðuneytisins, var ákveðið að gera breytingar á verksviði Rósu Guðrúnar og fela henni að sinna verkefnum á sviði upplýsinga og vefmála í ráðuneytinu. „Hér er því um tilfærslu á starfsmanni að ræða innan ráðuneytisins,“ segir hann.

Sigur Ágúst að umfang upplýsinga og vefmála hafi aukist mjög hratt undanfarnin ár, vegna þess að ráðu-



Gert er ráð fyrir nýjum aðstoðarmanni ríkisstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

neytið hafi ákveðið að birta fleiri upplýsingar, bæði að eigin frumkvæði og vegna fyrirspurna. Kallað hafi verið eftir því að forsætisráðuneytið tæki aukna forystu í upplýsinga og vefmálum Stjórnarráðsins, sem yrði á verksviði Rósu.

Aðspurður um hvort Rósa muni sinna þeim verkefnum sem Lára

Björg gerði áður, eða nýr verði ráðinn í þá stöðu, segir Ágúst að gert sé ráð fyrir að nýr aðstoðarmaður ríkisstjórnar verði ráðinn síðar á þessu ári.

Á undanföllum árum hefur verið ráðið í stöður upplýsingafulltrúa hjá ýmsum ráðuneytum en þær þá auglýstar. –khg

# FISK-BÚAR

(FEBRÚAR)

GLÆNÝ HROGN OG ÝSUFLÖK

1.790,-



BORDUM HOLLANN FISK Í FEBRÚAR



Fiskikóngurinn  
Sogavegi 3 • Höfðabakka 1  
Sími 555 2800



# Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Álskóflur



frá 1.999

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

4.895

Viðgerðarbretti



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör 9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku 3.795



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W 22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör 14.999



6T Búkkar 605mm Par 9.999



frá 1.495 Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpölið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg

4.999



Laufahrifur

frá 999




frá 395 Ruslatínur



frá 995 Skóflur

Strákústar

685



Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle 6.985



4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm



5.999

Fjölsög Höfftech

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Fólksfjölgun langmest á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin

**NORÐURLÖND** Höfuðborgarsvæðið er fjórða samkeppnishæfasta svæði Norðurlandanna á eftir Osló, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar, State of the Nordic Region 2020.

Skýrslan var unnin af Nordregio sem er rannsóknarstofnun á sviði byggðapróunar og skipulagsmála.

Samanburður er gerður á 74 svæðum á Norðurlöndum og þau metin út frá því hversu vel þeim tekst að laða til sín fjármagn og mannauð. Höfuðborgarsvæðið stendur sérstaklega vel þegar kemur að atvinnuþátttöku og lýðfræðilegri þróun. Það sem dregur svæðið hins vegar niður er takmarkað fjármagn



Fólksfjölgun hér á landi er 41 prósent frá árinu 1990. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

» Aðeins í Færeyjum er fæðingartíðni nógu há til að stuðla að náttúrulegri fólksfjölgun.

til rannsókna og þróunar.

Eflitið er til tímabilsins frá 1990-2019 hefur fólksfjölgun á Norðurlöndunum verið langmest á Íslandi eða tæpt 41 prósent. Heildaríbúafjöldi svæðisins var á síðasta ári 27,3 milljónir en var 23,2 milljónir 1990 sem er tæplega 18 prósent fjölgun. Stóran hluta þessarar fjölgunar, eða um tvo þriðju, má rekja til straums innflytjenda til Norðurlandanna.

Á síðasta áratug hefur fæðingar-

tíðni lækkað mikið á Norðurlöndunum og er nú í sögulegu lágmarki á Íslandi, í Noregi og Finnlandi. Aðeins í Færeyjum er fæðingartíðnin nógu há til að stuðla að náttúrulegri fólksfjölgun.

Í umfjöllun um vinnumarkað Norðurlanda er dregin fram mynd af því hvernig hann gæti litid út árið 2040. Lægri fæðingartíðni og lengri lífaldur munu leiða til fækkunar vinnuafis. Þá er talið að um þriðjungur núverandi starfa sé í hættu vegna sjálfvirknivæðingar.

Norðurlöndin eru þó talin vel í stakk búin til að nýta tækifærin sem í þessum breytingum felast. Skýrslan er aðgengileg á vef Norrænu ráðherranefndarinnar, norden.org. -sar



## Kosning um formann Félags íslenskra rafvirkja

Komin eru fram tvö framboð til formanns Félags íslenskra rafvirkja til næstu tveggja ára.

Þau sem bjóða sig fram eru:

**Borgþór Hjörvarsson og Margrét Halldóra Arnarsdóttir.**

Vegna þessa verður framkvæmd rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla samkvæmt 39. grein laga Félags íslenskra rafvirkja.

Atkvæðagreiðsla hefst þann 10. febrúar 2020, kl. 12.00 og lýkur þann 17. febrúar 2020, kl. 16.00

Kjörgögn verða send með SMS og tölvupósti til þeirra sem sent hafa þær upplýsingar til RSÍ eða FÍR.

Einnig er hægt að kjósa í gegnum heimasíður RSÍ og FÍR þegar atkvæðagreiðsla hefst.

Eins er hægt að koma á skrifstofu RSÍ á skrifstofutíma meðan á kjörfundi stendur og fá aðstoð við að greiða atkvæði þar.

Þeir félagsmenn einir hafa atkvæðisrétt sem greitt hafa að fullu gjöld til félagsins á næstliðnu ári eða eru gjaldfrjálssir samkvæmt grein 49 í lögum Félags íslenskra rafvirkja.

Reykjavík 2. febrúar 2020  
Stjórn Félags íslenskra rafvirkja



Í Iowa nýtur Sanders mestrar hylli en hann tapaði þar nokkuð óvænt fyrir Hilary Clinton árið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA.

# Röðin loks komin að bandarísku þjóðinni

Flokksmenn bæði Reúblikana og Demókrata í Bandaríkjunum fá nú loksins að velja úr hópi frambjóðenda sem óska eftir útnefningu síns flokks í forsetakosningum sem fara fram í nóvember. Demókratar í Iowa riðu á vaðið í gær.

**BANDARÍKIN** Val Demókrata á frambjóðanda flokksins til embættis forseta Bandaríkjanna hófst í gær þegar forval fór fram í Iowa. Forkosningar fara nú fram í hverju ríkinu á fætur öðru fram í júní. Kosid verður í New Hampshire eftir viku og í fjölda ríkja síðari hluta febrúar og í marsmánuði. Landsfundir flokkanna þar sem kjörmenn útnefna forsetaframbjóðanda hvers flokks um sig, fara svo fram í júlí og ágúst og sjálfar kosningarnar þann 3. nóvember.

Fréttablaðið var farið í prentun áður en úrslit í Iowa voru kunn en þingmaðurinn Bernie Sanders hefur ekki aðeins haft forystu í Iowa samkvæmt skoðanakönnunum heldur einnig í New Hampshire þar sem forkosningar fara fram eftir viku.

Þótt hvorki Iowa né New Hampshire séu í hópi stærstu fylkja Bandaríkjanna og veiti tiltölulega fáa kjörmenn, sýnir sagan að gengi í forvali í þessum fylkjum getur skipt sköpum, ekki sist vegna fjölmiðla-athyglinnar í upphafi forkosninga og þess byrs í seglin sem sigur færir þeim sem hann hlýtur.

Frá því að forvalið í núverandi mynd var tekið upp hafa allir útnefndir frambjóðendur flokksins, að Bill Clinton einum undan- teknum, unnið forkosningar í

» Reúblikanar voru einnig með forval í Iowa í gær og forkosningar verða í flestum fylkjum Bandaríkjanna þótt fátt bendi til annars en flokkurinn tefli sitjandi forseta fram.

öðru hvoru þessara tveggja fylkja. Þá munu þeir sem unnið hafa forkosningar í báðum fylkjunum án undantekninga hafa hlotið útnefningu flokksins. Miðað við kannanir hefur Sanders því haft sérstaka ástæðu til bjartsýni að undanförunu.

Sanders er þó enn fyrir neðan Joe Biden í könnunum á landsvisu þótt fylgi þeirra frambjóðenda sem háð hafa toppbaráttuna undanfarna mánuði hafi verið á töluverðri hreyfingu. Varforsetinn fyrrverandi hefur þó haldið forystu sinni í könnunum og þykir líklegastur allra frambjóðendanna til að geta lagt Donald Trump í kosningunum.

Þótt Sanders mælist betur í skoðanakönnunum bendir umræðan vestanhafs til þess að öldungadeildarþingkonan Elisabeth Warren þyki skáka honum í kjörþokka og vera næstlíklegust á eftir Biden til að geta unnið Trump. Meðal þess sem

kannanir í Bandaríkjunum sýna er að stór hluti stuðningsmanna bæði Bidens og Sanders er hrifinn af Warren en um og yfir fimmtíu prósent þeirra segjast myndu fella sig við Warren sem frambjóðanda flokksins verði þeirra frambjóðandi ekki valinn.

Stórefnamaðurinn Michael Bloomberg, fyrrverandi borgarstjóri New York kom seint inn í baráttuna, en stendur þó framar öðrum frambjóðendum að vigi að því leyti til að hann þarf ekki að treysta á aðra en sjálfan sig um fjármögnun kosningabaráttu sinnar.

Þótt Bloomberg hafi ekki tilkynnt um framboð sitt fyrr en undir lok síðasta árs mælist hann nú í fjórða sæti með um átta prósent fylgi. Nokkur óvissa er hins vegar um áhrif þeirrar ákvörðunar Bloomborgs að sitja hjá í forvali bæði í Iowa og New Hampshire en leggja ofurkapp á kosningar í fjölda fylkja sem fram fara þriðjudaginn 3. mars (e. Super Tuesday). Meðal stórra fylkja sem kosid er í umræddan dag eru Texas, Virginia, Kalifornía og Colorado. Kannanir hafa mælt Bloomberg með um þrettán prósent fylgi í þeim kosningum sem fram fara á þeim degi, aðeins einu prósentu minna en Elisabeth Warren. [adalheidur@frettabladid.is](mailto:adalheidur@frettabladid.is)

## Hljóðritasjóður

### Umsóknarfrestur til 16. mars

**Auglýst eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð.**

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla hljóðritun á íslenski tónlist. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist og þannig er stutt við nýsköpun hennar.

- Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum en mega einnig vera samstarfsverkefni við erlenda aðila.
- Athugið að ekki eru veittir framhaldsstyrkir til verkefna sem áður hafa hlotið styrki.
- Útgáfa verkefnis má ekki hafa átt sér stað áður en umsókn um styrk berst Hljóðritasjóði.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári í mars og september.

**Næsti umsóknarfrestur er 16. mars kl. 16:00.**

**Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is) Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.**

Stjórn Hljóðritasjóðs  
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík  
Netfang: [hljodritasjodur@rannis.is](mailto:hljodritasjodur@rannis.is)



# ALVÖRRIÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR



20% AFSLÁTTUR

Drive Pro Ryk/vatnssuga ZD90 1400W  
**10.792**  
Áður kr. 13.490



20% AFSLÁTTUR

AQUA 25, 10L. Þvott- og rakaheld akrýlmálning. Hálfglansandi með góðri viðlöðun. Hentar vel fyrir blautrymi. Stofn A

**7.192** kr.  
Verð áður ~~8.990~~ kr.



30% AFSLÁTTUR

Deka Projekt 05 veggmalning, 2,7 lítrar (stofn A)

**1.743** kr.  
Verð áður ~~2.490~~ kr.

Verð áður 14.900  
**11.992**

Lavor Ninja Plus 130 háþrýstidæla

1800W, 130 bör 420 L/klst.



20% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

Verð áður 29.990  
**23.992**  
Lavor SMT 160 ECO 2500W, 160 bör (245 m/túrbóstútt) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bill) og hörð (t.d. steypa).



Gúmmí gatamotta gróf, 1mx1,5mx22mm

**5.992**  
Áður kr. 7.490

20% AFSLÁTTUR



Mistillo Sturtusett, svart

**7.495**  
Áður kr. 14.990



30% AFSLÁTTUR

Stálvaskur 1 hólf 37x33x16cm

**4.753**  
Áður kr. 6.790

25% AFSLÁTTUR

Drive Smergel 150w

**3.743**  
Áður kr. 4.990

Hrærivél Drive-HM-120 1200W. 40-60 ltr.

**14.392**

Áður kr. 17.990

Drive-HM-140 1600W **18.392** Áður 22.990  
Drive-HM-160 1600W **22.392** Áður 27.990

20% AFSLÁTTUR



Snjósófla stór 135cm m. Y-handfangi

**2.316**  
Áður kr. 2.895

20% AFSLÁTTUR

Snjósófla medium m. Y-handfangi

**2.156**  
Áður kr. 2.695

CERAVID



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta. Þýsk gæðavara  
**31.112**  
Áður kr. 38.890

20% AFSLÁTTUR



Oliufylltur rafmagnsöfn 2000W

Áður ~~8.590~~ kr.  
**6.443**

25% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR

Gólfskafa 450mm

**712**  
Áður kr. 890

Strekkiþand lás-krók. 5cm x 8 mtr 4.545 kg

**2.468**  
Áður kr. 3.290

25% AFSLÁTTUR

### Vínillparket – Harðparket – Flísar



Harðparket, vínillparket, flísar

Verðdæmi:

8,3mm Harðparket Smoke Eik Verð nú: **989** kr/m<sup>2</sup> áður: 1.690 kr/m<sup>2</sup>  
Vinyl parket með áföstu undirlagi nú **4.718** kr/m<sup>2</sup> áður 6.290 kr/m<sup>2</sup>  
Ceraviva SN04 Veggflís 30x60 Verð nú **989** kr/m<sup>2</sup> áður: 2.990 kr/m<sup>2</sup>

20-50% AFSLÁTTUR

Frá kr. **989** pr. m<sup>2</sup>



25% AFSLÁTTUR

LuTool fjölnota sög /hjakktaeki/juðari. 300W.

**5.243**  
Áður kr. 6.990



Drive Fjölnotataeki 280W

**3.743**  
Áður kr. 4.990

25% AFSLÁTTUR



Drive Bonvel/rokkur1100w

**6.743**  
Áður kr. 8.990

25% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

Delta föðurland buxur M  
**2.792**  
Áður kr. 3.490



20% AFSLÁTTUR

Delta GRAY ANZIO SWEAT JACKET XL  
**7.192**  
Áður kr. 8.990



Borðsög 230V 50HZ 1800W

**23.192**  
Áður kr. 28.990

20% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR

Karbit dósaborasett í tösku. 6stk  
**3.493**  
Áður kr. 4.990

Fyrirvari um prentvillur.



Pallettutjakkur Rafmagns 1,5tonna 70Ah

**223.920** kr.  
Áður ~~279.900~~ kr.

20% AFSLÁTTUR

Bíla búkkar max 3 tonn 2stk  
**2.529**  
Áður kr. 3.890

35% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR

Flísasög BL200-570A 800W

**36.392**  
Áður kr. 45.490

20% AFSLÁTTUR

LuTool gráðukútsög 305mm blað  
**36.392**  
Áður kr. 45.490

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		

# MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

## Gerum betur



Sighvatur Arnmundsson  
sighvatur@frettabladid.is

Mál hins sjö ára gamla Muhammeds og fjölskyldu hans sem til stóð að vísa úr landi í gær fékk um helgina blessunarlega farsælan endi. Í bili allavega. Dómsmálaráðherra ákvað að breyta reglugerð og stytta þar með málsmeðferðartíma í málum þegar börn eiga í hlut. Þannig verður hámarks afgreiðslutími sextán mánuðir í stað átján. Þetta er vissulega skref í rétta átt en eftir sem áður er óásætlanlegt að fólk þurfi að biða svo lengi eftir úrlausn sinna mála.

Samkvæmt því ákvæði útlendingalaga sem vísað var til í tilkynningu dómsmálaráðuneytisins um málið, geta umsækjendur fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða hafi ekki fengist niðurstaða í mál þeirra innan átján mánaða. Dvalarleyfi á þessum forsendum eru þó ekki veitt til lengri tíma en eins árs. Þau er þó hægt að framlengja og í tilviki Muhammeds verður vonandi stuðst við það ákvæði að slíkt dvalarleyfi geti orðið ótímabundið.

Það á ekki að þurfa fjölmiðlaumfjöllun og undirskriftir tæplega 19 þúsund einstaklinga til að stjórnvöld sjái að sér og leiðrétti svona óréttlæti. Þegar fjölskyldan átti að yfirgefa landið voru rúm tvö ár liðin frá því hún sótti um alþjóðlega vernd. Svona vinnubrögð eru auðvitað með öllu óvildunandi og með þeim litil virðing borin fyrir mannréttindum.

Hér á heldur ekki að þurfa vísa til einhverra undantekninga í útlendingalögum til að veita fjölskyldunni dvalarleyfi. Alþingi lögfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir tæpum sjö árum. Samkvæmt honum ber stjórnvöldum að horfa til þess hvað sé barninu fyrir bestu í ákvörðunum er það varða. Hvort ætli séu betri aðstæður fyrir sjö ára gamalt barn; að vera áfram á Íslandi þar sem það hefur eignast marga vini og bæði liður og gengur vel í skóla, eða flytja til heimalands foreldra sinna sem það hefur aldrei komið til? Lands sem foreldrarinn flúðu fyrir áratug og telja sig ekki eiga afturkvæmt til.


Það er vel við hæfi að Muhammed sé nemandi í Vesturbæjarskóla en hann er einn þeirra skóla sem tekur þátt í Réttindaskólaverkefni Unicef. Hugmyndafræði verkefnisins tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og er ætlað að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Það hefðu verið afleit skilaboð til nemenda skólans ef Muhammed hefði verið sendur úr landi.

Þetta mál er því miður ekki einsdæmi en á undanförunum árum hefur rúmlega þrjú hundruð börnum, sem sótt hafa um alþjóðlega vernd, verið vísað úr landi. Mun færri börn hafa fengið alþjóðlega vernd. Við getum auðvitað ekki bjargað öllum börnum í neyð en við getum samt gert svo miklu betur. Oft hefur verið bent á Útlendingastofnun og þrönga túlkun hennar á lögum og reglum sem ástæðu marga brottvísana. Valdið til að breyta þessu er hins vegar hjá stjórnvöldum eins og þetta nýjasta dæmi sýnir.



Það á ekki að þurfa fjölmiðlaumfjöllun og undirskriftir tæplega 19 þúsund einstaklinga til að stjórnvöld sjái að sér og leiðrétti svona óréttlæti.

## Halldór



## Frá degi til dags

Einnar konu landslið Sigurför kvikmyndatónskáldsins Hildar Guðnadóttur hefur heillað, hriðið og rífið þjóðarsálina upp í boltastór-mótastemningu. Áhugavert vegna þess að í þessum leik, þar sem Hildur er á við fullskipað landslið, eru spennan og æsingurinn mest í röðum menningarelitista og lattélepjandi 101 lopatrefla sem þekkja vart muninn á HM og EM. Boltabullurnar eru aftur á móti með allt á hreinu enda blasir við þeim að í raun er stigs- en ekki eðlismunur á risunum Messi og Ronaldo og jöfrum á borð við John Williams og Thomas Newman sem Hildur sólar nú ítrekað upp úr lakkskónum.

Ungverjaþversögnin Eftir að Hildur hlaut BAFTA-verðlaunin er enn meiri ástæða til þess að veðja á að hún hreppi þau eftirsóttustu, Óskarinn. Samkvæmt keppnisþróttalógíkinni er Hildur í raun búin að sigra úrlitaleikinn í LA en því miður snúast Óskarsverðlaunin um margt annað en hæfileika og raunveruleg gæði. Pólitik, peningur og innansveitarkrónikur alls konar vega þyngra þannig að formsatriðið á sunnudagkvöld gæti endað í Ungverjaleik með þeim öfugu formerkjum að sú besta á vellinum missi af gullinu. Breytir því ekki að Hildur Guðnadóttir er samt sigurvegarinn. totti@frettabladid.is

## Hreyfum okkur!



Alma Dagbjört Möller  
landlæknir

Á morgun, 5. febrúar 2020, hefst Lífshlaupið, heilsu- og hvatningarverkefni Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Í Lífshlaupinu eru landsmenn hvattir til að huga að hreyfingu og auka hana eins og kostur er, bæði í daglegu lífi, t.d. við val á ferðamáta, sem og í frístundum. Nánari upplýsingar eru á [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is).

Ástæða er til að hvetja þá sem þess eiga kost, að taka þátt. Regluleg hreyfing er nefnilega einn af hornsteinum heilsu og heldur gildi sínu ævina á enda. Hreyfing minnkur líkurnar á hjarta- og æðasjúkdómum, þunglyndi, sykursýki tvö og sumum krabbameinum. Þá styrkir hreyfing stoðkerfið, bætir andlega líðan, auðveldar okkur að halda kjörþyngd og eykur almennt líkurnar á að fólk lifi lengur og lifi sjálfstæðu lífi. Hreyfing hefur þannig mikið gildi sem forvörn og heilsuefning en er jafnframt æ meira notuð sem meðferð, t.d. á formi hreyfiseðla sem ávísad er í heilsugæslunni gegn fjölda kvilla; sykursýki, háþrýstingi, þunglyndi, beinþynningu og langvinnum verkjum meðal annars.

Samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis ættu fullorðnir að hreyfa sig rösklega í minnst 30 mínútur daglega, best er auðvitað að velja hreyfingu sem maður hefur ánægju af. Heildartímanum má skipta í styttri tímabil, t.d. 10-15 mínútur í senn. Til viðbótar er æskilegt að erfða við hreyfingu að minnsta kosti tvisvar í viku, 20-30 mínútur í senn en það bætir enn frekar þol, vöðvastyrk, liðleika, jafnvægi og beinheilsu. Börn og unglingar eiga að hreyfa sig af ákefð í a.m.k. klukkustund daglega, þar sem leiðarljósið er fjölbreytni og gleði.

Fyrir þá sem eru að byrja að hreyfa sig eru raunhæf markmið, hæfilegur stigandi í lagi og góð beiting líkamans mikilvæg atriði. Forðast skal að gera óraunhæfar væntingar og valda líkamanum of miklu álagi sem leitt getur til meiðsla. Lesa má um hreyfingu á [landlaeknir.is](http://landlaeknir.is) og á heilsuvera.is.

Kæru landsmenn, takið þátt í Lífshlaupinu þið sem þess eigið kost. Öll hreyfing hefur áhrif og það er aldrei of seint að byrja.



Samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis ættu fullorðnir að hreyfa sig rösklega í minnst 30 mínútur daglega.



Umhverfissjóður sjókvíaeldis

### Umhverfissjóður sjókvíaeldis auglýsir til umsóknar styrki til rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar o. fl., samkvæmt reglugerð nr. 874/2019.

Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Sjóðurinn greiðir m.a. kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður. Við mat á umsóknum við úthlutun árið 2020 munu framhaldsverkefni sem þegar eru hafin njóta forgangs.


Stofnanir, fiskeldisfyrirtæki, einstaklingar og lögaðilar geta sótt um styrki til sjóðsins.

Á vefslóð sjóðsins ([www.umsj.is](http://www.umsj.is)) er að finna umsóknareyðublið ásamt leiðbeiningum til umsækjenda, m.a. um hvaða gögn skuli leggja fram með umsókn.

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið [postur@anr.is](mailto:postur@anr.is) eigi síðar en 2. mars 2020.

Frekari upplýsingar veitir Ása María H. Guðmundsdóttir í gegnum netfangið [asa.maria@anr.is](mailto:asa.maria@anr.is)





## Glataðar hugsjónir ráða



**Þorsteinn Viglundsson**  
Þingmaður Viðreisnar

Bretar gengu úr Evrópusambandinu á dögnum. Sumir hafa lýst útgöngunni sem frelsun Bretlands. Útganga sett í buning sjálfstæðisbaráttu og þjóðernishyggu. Loks ráði Bretar eigin örlögum. „Take back control“ hét það hjá Brexit-sinum. Talað er um tækifæri Breta til nýrra og betri viðskiptasamninga. Bretland standi sterkar eitt og óháð, frjálst til að nýta mátt sinn og megin, óháð hagsmunum annarra þjóða. En er það virkilega svo að smætta megi Evrópusambandsaðild í plús og mínus dálka í excel-skjali?

Það sorglega er nefnilega að horfa upp á Breta snúa baki við þeim hugsjónum sem búa á bak við Evrópusambandinu. Hugsjónina um frið á okkar tímum, um frelsi, mannréttindi, mannúð, jöfnuð, lýðræði og samvinnu þjóða. Samvinnu þar sem hagsmunir einstakra ríkja eru ekki ráðandi, heldur sú fallega hugsjón að saman getum við skapað betri heim.

Evrópusambandið hefur vissulega skilað okkur miklum efnahagslegum ávinningi. Sameiginlegur innri markaður án tolla og

viðskiptahindrana hefur skilað íbúum álfunnar bættum lífsgæðum og lægra vöruverði. Nýjasta dæmið er afnám reikigjalda símafyrirtækja innan vébanda sambandsins en það er aðeins dropi í haf þeirra umbóta sem ESB hefur fært okkur. Það er hins vegar heldur fátæklegt að meta árangur Evrópusamvinnunnar á grundvelli fríverslunar einnar.

Evrópusamvinnan hefur tryggt lengsta samfellda friðartímabil í álfunni. Undir merkjum hennar hefur tekist að tryggja lýðræðislegt stjórnarfar í fjölmörgum ríkjum sem áður bjuggu við stjórnarfar einræðis, hvort heldur undir merkjum kommúnisma eða fasisma. Lönd á borð við Írland, Grikkland, Spán, Pólland, Eistland, Lettland, Lítáen, Tékkland, Slóveníu, Slóvakíu og fleiri, hafa hafist upp úr sárri fátækt með aðild sinni að Evrópusambandinu. Þessi lönd hafa öll notið rikulega fjárhagslegs stuðnings, en ekki síður stuðnings í innleiðingu löggjafar sem fest hefur í sessi grundvallarþætti lýðræðislegs þjóðfélags.

Verkefni Evrópusambandsins er hvergi nærri lokið þó svo okkar kynslóð hafi ekki upplifað stórfelldan ófrið í álfunni. Hugsjónir ESB eiga ekkert minna erindi í dag. Við glimum við fordæmalausar áskoranir í loftslagsmálum sem ekki verða leystar nema með metnaðarfullu alþjóðlegu samstarfi. Hið sama má segja í innflytjendamálum. Aukið flæði flóttamanna vegna stríðsátaka og áhrifa af hlýnun



**Að vera reiðubúin að leggja okkar af mörkum til að skapa betri heim. Slíkar hugsjónir rúmast aldrei í excel-skjalinu.**

jarðar kallar á alþjóðlegt samstarf. Þá má ekki gleyma vaxandi uppgangi fasisma og þjóðernisöfga. Sú válega þróun minnir okkur óþyrmliga á til hvers Evrópusambandið var stofnað.

Vegna þessa er sorglegt að horfa á bak Bretum úr Evrópusambandinu. Ég held þó að þegar fram í sækir muni Bretar ekki líta á útgönguna sem frelsun Bretlands. Að þeir Boris Johnson og Nigel Farage muni ekki skipa sér á bekk með frelsishetjum Breta á borð við Churchill eða Nelson. Ég held að sagan verði þeim ekki svo hagfelld.

Evrópusamvinnan snýst nefnilega ekki bara um viðskiptakjör eða sérhagsmuni einstakra þjóða. Um tolla á fisk, kjöt eða osta. Þvert á móti snýst Evrópusamvinnan um frelsi og frið, um mannréttindi, jöfnuð og betra líf. Að vera reiðubúin að leggja okkar af mörkum til að skapa betri heim. Slíkar hugsjónir rúmast aldrei í excel-skjalinu. Því á endanum snýst þetta ekki um okkar lengstu hagsmuni heldur um hvaða hugsjónir við stöndum fyrir.

## Að eyða biðlistum á Vog er öllum til hagsbóta



**Sigurður Páll Jónsson**  
Þingmaður Miðflokksins



**Að meðaltali eru 500 manns á biðlista eftir innlögn á Vog. Hefur svo verið frá miðju ári 2014 og fjöldinn farið upp í 700 manns. Biðtími er stuttur fyrir þá sem leita sér meðferðar í fyrsta sinn og enginn fyrir unglinga. Þeir sem bíða eftir innlögn eru þeir sjúklingar sem hafa verið í meðferð áður.**

Undirritaður hyggst leggja fram tillögu til þingsályktunar þar sem heilbrigðisráðherra er falið að leita leiða til að eyða biðlistum á sjúkrahúsið Vog. Í greinargerð með tillögunni er ráðherra falið að skila úttekt á því hve mikið fjárframlag SÁÁ þyrfti ár hvert til þess að sjúkrahúsið Vog geti stytt biðlista. Heilbrigðisráðherra skal skila niðurstöðum sínum fyrir 1. september 2020.

SÁÁ rekur sjúkrahúsið Vog, ásamt því að reka meðferðarstöðina Vík og göngudeild. SÁÁ fær ár hvert ríkisframlag til reksturs sjúkrahússins Vogs. Samkvæmt úttektu efni frá árinu 2017 var heildarkostnaður við rekstur sjúkrahússins rúmar 925 milljónir, ríkisframlagið sem SÁÁ fékk það ár voru rúmar 694 milljónir. Kostnaður á legudag var því 40.818 kr. miðað við 22.670 legudaga á ári.

Að meðaltali eru 500 manns á biðlista eftir innlögn á Vog. Hefur svo verið frá miðju ári 2014 og fjöldinn farið upp í 700 manns. Biðtími er stuttur fyrir þá sem leita sér meðferðar í fyrsta sinn og enginn fyrir unglinga. Þeir sem bíða eftir innlögn eru þeir sjúklingar sem hafa verið í meðferð áður. Það hefur sýnt sig að sumir sjúklingar þurfa fleiri en eina meðferð til að ná árangri. Margir þeirra hafa náð góðum árangri og átt innihaldsríkt og heilbriggt líf. Það er stundum sagt að hver einstaklingur finni sinn botn á misdjúpu vatni, þar af leiðandi er nauðsynlegt að þeir sem sækja um meðferð oftast en einu sinni fái nauðsynlega þjónustu.

Árið 1997 var brugðist við vaxandi biðlista með því að gerð var áætlun hvernig eyða mætti honum m.a. með því að byggja við sjúkrahúsið Vog. Áætluninni lauk árið 2000 og það tókst að stytta biðlistana og þurrkuðust þeir út um tíma. Skortur á rekstrarfé og fækkun starfsfólks, varð til þess að biðlistar lengdust aftur.

Það er ljóst að ómeðhöndlaðir

fiklar hafa mikil áhrif á samfélagið. Það er samfélagslegur ávinningur allra að fiklar sem vilja komast í meðferð hafi tækifæri til að komast að þegar þeir eru tilbúnir til þess. Leiða má líkur að því að rekja megi hluta afbrota, eignaspjalla og slysa til einstaklinga sem eru undir áhrifum vímuefna, þar með talið afengis. Með þessum þremur breytum verða fleiri útköll hjá löggæslunni sem og refsingar. Sá heilsuþættur, bæði andlegur og líkamlegur, sem fylgir ofneyslu afengis og fíkniefna er gríðarlegur baggi fyrir samfélagið. Aukið fé til að eyða biðlistum mun skila sér í bættari heilsu, kostnaðurinn skilar sér því til baka. Það hefur margoft sýnt sig að sé fiklum eða afengis-sjúklingum hjálpað verða þeir nýtir þjóðfélagsþegnar en ekki einstaklingar sem stundum eru byrði á þjóðfélaginu.

Kostnaður þjóðfélagsins við að hafa sjúkt fólk annaðhvort á stofnunum eða á vergangi er mikill. Þeir sem sækjast eftir heilsu eiga að fá aðstoð. Sjúkrahúsið Vog hefur sérhæft sig í afeitrun fikla og meðferðum undanfarna áratugi, reynsla starfsfólks þess er mikil, og vekur athygli út fyrir landsteinana. Aðgengi fólks að meðferðarstofnun á að vera sjálfsagt og eðlilegur hluti af heilbrigðiskerfinu. Það er mat undirritaðs að árangur af biðlistalausum aðgengi inn á sjúkrahúsið Vog mun auðvelda þann vanda sem blasir við í heimi fíkniefna hvers konar.

## MENNTADAGUR ATVINNULÍFSINS 2020

MÍÐVIKUDAGINN 5. FEBRÚAR KL. 8.30-11.30

Í HÖRPU – NORÐURLJÓSUM

# SKÖPUN





## Söludeild Prentmets Odda er núna öll flutt á Lyngháls 1, 110 Reykjavík



Prentsmiðjan Oddi hefur sameinast Prentmeti og heitir sameinað fyrirtæki Prentmet Oddi.

Verið hjartanlega velkomin.

Bjóðum upp á heildarlausnir í prentun.



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Bréfpokar



Lyngháls 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600

Eyravegi 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944

Heiðargerði 22, 300 Akranes ☎ 431 1127

prentmetoddi.is



# Gladdist fyrir hennar hönd

Kanadíska landsliðskonan Christine Sinclair bætti á dögnum met yfir flest mörk fyrir landslið með 186. marki sínu fyrir Kanada. Sinclair lék með Dagnýju Brynjarsdóttur hjá Portland Thorns og fór Dagný fögrum orðum um fyrrverandi liðsfélaga sinn.

**FÓTBOLTI** Kanadíska knattspyrnu-konan Christine Sinclair náði því magnaða afreki á dögnum að bæta markametið með landsliðum þegar hún skoraði 185. mark sitt fyrir Kanada í 290. leiknum. Með því tók Sinclair fram úr hinni bandarísku Abby Wambach, sem skoraði á sínum tíma 184 mörk í 256 leikjum. Líklegt er að metið sem Sinclair setur þegar hún leggur landsliðs-skóna á hilluna komi til með að standa í nokkuð langan tíma enda er næsta manneskja sem er enn að spila, hin 37 ára gamla Carli Lloyd, með 122 mörk.

Sinclair braut sér leið inn í kanadíska landsliðið á sautjándra aldrsári og kom fyrsta landsliðsmarkið gegn Noregi á Algarve-mótinu árið 2000. Það setti tóninn fyrir það sem koma skyldi því Sinclair var búin að skora fimmtán mörk fyrir Kanada, þar á meðal fyrstu þrennuna sína fyrir árslok. Mörkin voru orðin 32 eftir þrjú ár með kanadíska A-landsliðinu og einnig tók hún þátt í verkefnum með yngri landsliðum Kanada þar sem hún skoraði 27 mörk í nítján leikjum.

Sinclair fær tækifæri til að bæta eigið met í kvöld gegn Mexíkó sem hún hefur þegar skorað sextán sinnum gegn í undankeppni Ólympíuleikanna. Komist Kanada á Ólympíuleikana er líklegt að leikarnir í Tókýó verði svanasöngur hinnar 36 ára gömlu Sinclair með kanadíska landsliðinu.

Dagný Brynjarsdóttir, liðsfélagi Sinclair til þriggja ára hjá Portland Thorns, fór fögrum orðum um fyrrverandi liðsfélaga sinn þegar Fréttablaðið spjallaði við hana á dögnum um afrekið.

„Christine Sinclair er frábær karakter og einstaklingur og það er mikill heiður að hafa fengið að spila með henni í þessi þrjú ár hjá Portland. Ég lék með henni seinni hluta ferilsins og það er ekkert ólíklegt að hún láti staðar numið eftir Ólympíuleikana þó að það sé ekki staðfest. Hún gæti alveg átt fleiri ár eftir enda alvöru íþróttamaður sem hugsar vel um sig og ofboðslega góður leiðtogi,“ sagði Dagný um fyrrverandi liðsfélaga sinn.

„Hún er afar skynsöm í sínum aðgerðum, ekkert að dvelja á boltanum og tekur yfirleitt góðar ákvarðanir. Ég kynntist Christine betur í fyrra, hún vill helst enga athygli og setur liðið í fyrsta sætið. Það eru engir stjörnuástarar í henni þrátt fyrir að hún sé heimsþekkt. Gott dæmi er þegar ég var nýkomin af stað á ný eftir barnsburð, við vorum í æfingaleik og hún spurði hvert ég ætlaði í horni sem við fengum. Hún er frábær í föstum leikatriðum en hún sagði bara að ég væri mun betri skallamaður og hún myndi spila út frá mér. Þarna sýndi hún hvað hún var góður liðsfélagi og þetta gaf mér mikið sjálfstraust. Þetta er sterkasta minning mín af henni,“ sagði Dagný, aðspurð út í samvinnu þeirra hjá Portland.

Aðspurð sagði Dagný liðsfélaga sinn, Christine, aldrei hafa rætt möguleikann á því að slá þetta met

**16** Sinclair var sextán ára og átta mánaða gömul þegar hún skoraði fyrsta mark sitt gegn Noregi á Algarve Cup.

**40** Mörk Sinclair hafa komið gegn 40 þjóðum á tuttugu ára landsliðsferli hennar og gegn löndum frá sex heimsálfum.

**180** Sinclair hefur leikið allar 180 mínúturnar í báðum viðureignum Íslands og Kanada til þessa en hefur ekki fundið leiðina að neti Íslands.

**16** Flest mörk hennar hafa komið gegn Mexíkó eða samtals sextán mörk.

**14** Fjórtán sinnum hefur hún verið valin knattspyrnu-kona ársins í Kanada.

**3** Sinclair lék í þrjú tímabil með Dagnýju Brynjarsdóttur hjá Portland Thorns áður en Dagný yfirgaf Portland í vetur.

**10** Tíu mörk hafa komið í lokakeppni HM á fimm mismunandi mótum.

**3** Besti árangur Kanada með Christine innanborðs er þriðja sætið á Ólympíuleikum 2012 og 2016.

**11** Ellefu mörk hafa komið á þremur Ólympíuleikum.

**7** Sjö sinnum hefur hún verið tilnefnd sem leikmaður ársins í kvennaflokki.

**Christine er frábær karakter og einstaklingur og það er mikill heiður að hafa fengið að spila með henni í þessi þrjú ár hjá Portland.**

Dagný Brynjarsdóttir um Christine Sinclair.

en liðsfélagarnir fylgdust vel með.

„Hún er búin að vera nálægt metinu svo ofboðslega lengi, vantað einhver 1-2 mörk og ég man þegar við fórum í landsliðsverkefni í fyrra þá vonaðist maður eftir því að hún myndi ná að slá metið. Það er því auðvelt að samgledjast henni þegar það er farið að sjá í annan enda ferilsins. Við reyndum að hvetja hana áfram,“ sagði Dagný og bætti við: „Það er mjög ólíklegt að einhver nái að taka þetta met af henni úr þessu.“

Christine hefur tvisvar mætt Íslandi, síðast í byrjun síðasta árs en henni tókst ekki að finna leiðina að íslenska markinu.

„Ég var að dekkja hana í hornum í fyrri leiknum, þá nýbúin að skrifa undir hjá Portland og fékk bara tíu mínútur í fyrra gegn henni.“

kristinnpall@frettabladid.is



Sinclair fagnar einu af 186 mörkum sínum með kanadíska landsliðinu á tuttugu ára ferli. NORDICPHOTOS/GETTY



Sinclair fagnar titlinum með Portland Thorns árið 2017. Dagný sést í aftari röð til hægri. NORDICPHOTOS/GETTY

# HEILSA

ÞRIÐJUDAGUR 4. FEBRÚAR 2020

Heilsa



Sandra Ósk Jóhannsdóttir hefur gert það að lífsstíl sínum að hreyfa sig og mæta reglulega í ræktina því það veitir henni mikla vellíðan. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

MELTINGIN Í  
1. SÆTI



## Snýst um kíló á stöng en ekki á líkamanum

Sandra Ósk Jóhannsdóttir er ósköp venjuleg kona sem stundar hreyfingu heilsunnar vegna en ekki til að vinna stóra sigra í íþróttum. Hún ákvað samt að stíga út fyrir þægindahringinn í fyrra og taka þátt í Prekmótaröðinni. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún  
Guðmundsdóttir  
sandragudrun@frettabladid.is



Sandra ítrekar að hún hafi verið að taka þátt í Þrekmótarröðinni, ekki keppa. „Við erum bara ekki í þeirri deild. Við vorum bara að ögra sjálfum okkur og hafa gaman,“ segir Sandra sem dró þrjár stelpur með sér í keppnina. „Við vorum ekki með metnað fyrir neinu sæti en okkur fannst þetta svo skemmtilegt að það er aldrei að vita nema við gerum þetta aftur.“

Sandra æfði fimleika og fótbolta sem barn en þegar hún varð ungl-ingur urðu aðrir hlutir mikilvægari eins og er svo algengt. „Ég byrjaði ekki að æfa að ráði aftur fyrr en ég byrjaði í Bootcamp árið 2012. Ég rambaði inn á hlaupanámskeið þar og hef ekki hætt hjá þeim síðan.“

Fyrst þegar Sandra var að byrja að æfa var hún frekar stressuð því Bootcamp hafði orð á sér fyrir að vera „rosalega hardcore“ eins og hún orðar það. „Ég er bara mjög venjuleg manneskja, ég fer ekki í ræktina sex sinnum í viku eða er með geggjáðan bakgrunn í íþróttum en í Bootcamp var rosalega vel tekið á móti mér. Allir eru bara að gera sitt besta. Vissulega er mikið af ofurfólki að æfa þar en svo eru líka bara venjulegar manneskjur eins og ég.“

Æfingarnar snúast að miklu leyti um að æfa með líkamsþyngd sína en einnig er mikið um hlaup og þrekæfingar. „Við gerum líka æfingar sem reyna á hugarfarið, að gefast ekki upp og finna kraftinn



Sandra vildi ögra sjálfri sér og skræði sig til þátttöku í Þrekmótarröðinni ásamt þremur vinkonum sínum.

**”Að koma blóðinu af stað með hreyfingu veitir mér vellíðan. Það er miklu mikilvægara heldur en einhver kílóatala.**

í að klára. Þú þarft ekki að vera fyrst eða best. Heldur bara klára það sem sett er fyrir. Ef mér tekst það þá líður mér best, ég verð svo ánægð með mig. Ég hugsa kannski

fyrst að ég eigi aldrei eftir að geta þetta. En svo fær maður svo mikinn stuðning og hvatningu. Allir hvetja alla, sama hvort þú ert fyrst eða síðust, það er bara stemningin þarna. Ég get komið inn og verið ég sjálf og æft á mínum eigin hraða og ég get oft gert miklu meira en ég held fyrst. Það er mjög gott fyrir sjálfstraustið,“ segir Sandra.

#### Gott andlega og líkamlega

Í upphafi byrjaði Sandra að æfa með það í huga að léttast og komast í gott form. „En ég er alveg búin að bakka út úr því. Mér finnst bara gaman að fara á æfingu. Það gerir mér ótrúlega gott bæði andlega og

líkamlega. Ég vinn á skrifstofu þar sem ég sit mikið svo það að koma blóðinu af stað með hreyfingu veitir mér vellíðan. Það er miklu mikilvægara heldur en einhver kílóatala eða eitthvað ákveðið útlit sem ég var fyrst að sækjast eftir.“

Undanfarið hefur Sandra verið að æfa lyftingar hjá Bootcamp. „Ég blanda svolítið saman lyftingunum og venjulegu Bootcamp æfingunum. Ég elska að lyfta og er farin að keppast við hve miklu ég næ í þyngdum. Kílóin snúast núna um kílóin á stönginni en ekki kílóin á líkamanum mínum. Ég náði því markmiði í desember að taka 100 kíló í réttstöðulyftu sem



Sandra náði nýlega að lyfta 100 kílóum í réttstöðulyftu sem hafði lengi verið markmið hjá henni.

ég var búin að stefna að lengi,“ segir Sandra stolt.

Sandra segir að hreyfingin sé orðin lífsstíll hjá henni og hún setur það í forgang að komast á æfingu. „Núna, ef ég fer í fri, þá tek ég æfingu, ég reyni að æfa alltaf þrisvar í viku, tvisvar er algjört lágmark en ef ég kemst fjórum sinnum þá er það bara bónus. Það er betra að gera eitthvað en ekkert og ég hef ekkert endilega tíma til þess að vera alltaf í ræktinni. Vikan er svo ekki lengur ónýt hjá mér þó ég missi úr æfingu, ég mæti bara næst. Lykilatriðið er að hætta ekki í að hreyfa sig.“

# Sólhattur fyrir ónæmiskerfið



Sólhattur er ein mest notaða jurtin á vesturlöndum til að efla ónæmiskerfið, enda lang mest rannsökuð.

Sólhattur er eitthvert algengasta bætiefni gegn kvefi og flensu. Þeir sem taka inn sólhatt eru oft á tíðum fljótari að ná sér af pestum og fá jafnvel vægari einkenni. Sólhattur getur t.d. hjálpað gegn;

- Hálsbólgu
- Eyrnabólgu
- Ennisholubólgu

Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup og Heilsuhillum Nettó





## Undirbýr bílaframleiðslu á Íslandi

„Á Íslandi eru komnar upp aðstæður sem gera það kleift að nokkuð svona gæti orðið að veruleika,“ segir **Ólafur Joshua Baldursson** bílahönnuður í einkaviðtali við Fréttablaðið. 8



## ÖRUGGT START

### MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma 515 1100 eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is) og fáið nánari upplýsingar.



# Viking Union – Fyrsta íslenska bílamerkið?

Ólafur Joshua Baldursson hefur í mörg ár unnið að draumum sínum erlendis en hann er bílahönnuður að vinnu og hefur unnið við greinina í hartnær 20 ár, meðal annars fyrir alvöru merki eins og Koenigsegg. Ólafur undirbýr nú að opna hér þróunarmiðstöð og verksmiðju sem myndi þróa og hanna sérstaka ofursportbíla sem fengið hafa nafnið Viking Union.

Þeir sem fylgjast vel með hvað er að gerast í heimi sportbíla vita kannski hver Ólafur Joshua Baldursson er. Hann vann á árum áður hjá Koenigsegg og var í þróunardeild fyrirtækisins og bar þar ábyrgð á samsetningu véla en hefur á síðustu árum unnið í Bretlandi við hönnun og smíði sportbíla og mótorhjóla. Þar hefur hann meðal annars unnið fyrir Supercars System og One Off og hefur verið að sérsmíða athyglisverðan sportbíl en síðasta verkefni hans er af öðrum toga og lýtur að eigin framleiðslu. „Míg langar mjög mikið til að geta komið þessu verkefni til Íslands þar sem mikil tækifæri eru fyrir slíka framleiðslu,“ segir Ólafur Joshua í einkaviðtali við Fréttablaðið. „Þetta yrði í fyrsta sinn á heimsvísu sem gerð væri tilraun til að búa til sportbíl upp úr Grand Prix kappakstursbíl sem er forveri Formúlu 1.“

## Fyrsti íslenski götubíllinn

Viking Union GP Tolv verður ef af verður, fyrsti bíllinn sem yrði fjöldaframleiddur á Íslandi fyrir almenna notkun og í raun og veru gæti orðið fyrsta íslenska bílamerkið. Fyrirtækið kringum verkefnið heitir Viking Union Automotive og er með einn stóran fjárfesti sem er mjög stór í orkugeiranum. „Einnig er verið að skoða styrki á Íslandi en það gæti verið gaman að sjá hvort fleiri fjárfestar koma að þessu frá Íslandi í framtíðinni,“ segir Ólafur. „GP Tolv er tilvísun í Grand Prix og strokkaþölu vélarinnar en vélin sem ég er með á teikniborðinu núna kemur frá Aston Martin og er V12 bensínvél sem við ætlum að hafa með tveimur forþjöppum. Einnig er ég að skoða V12 vél frá Cosworth en það er enn í skoðun, því svona ferlar taka mikinn tíma og skipta gríðarlegu máli um hvernig endanleg útkoma bílsins verður,“ segir Ólafur um hönnun bílsins. Hugmyndin bak við bíllinn sjálfan kemur frá Auto Union bílunum sem voru forverar Audi bílana. „Við hönnuðum bíllinn með sama hjólabili og erum að reyna að hafa þyngdartölur svipaðar.“ Auto Union var mjög stórt í Þýskalandi fyrir stríð og háði harða baráttu við Mercedes-Benz í kappakstri þar í landi. Fyrstu bílarnir voru algjör skrímsli, með V16 vélum með forþjöppum sem voru kallaðir C-type. Seinna komu D-type bílar með V12 vélum sem skiluðu um 550 hestöflum, einnig með forþjöppu. Með strangari reglum voru sett takmörk á stærð bílanna árið 1933 og máttu þá ekki vera þyngri en 750 kg án vökvva, dekkja eða öikumans. Það gerði bílana mun betri í akstri og vélarinnar minnkuðu niður í 2,5 lítra. „Auto Union voru fyrstu bílarnir með vélinu í miðjunni og settu línurnar fyrir alla sportbílaframleiðendur í dag. Þeir settu hraðamet árið



Viking Union GP Tolv sportbíllinn er hreinræktaður tólf strokka sportbíl sem byggir á ofurbílum Audi Union frá fyrri hluta síðustu aldar.



Ólafur stillir sér upp á mótorhjólasyningunni í Köln við hliðina á hjóli sem hann hannaði og smíðaði sjálfur, með grind úr koltrefjum og felgur úr tré.

## Billinn verður tólf strokka, tveggja manna sportbíl með yfirbyggingu og einrýmishönnun úr koltrefjum.

1938 sem stóð lengi, en þá fór Auto Union Streamliner í 432 km á klst. sem var svo ekki slegið fyrr en árið 2017 af Koenigsegg,“ sagði Ólafur.

### Aðstæður að skapast hér

Stefnan er að finna hentugt húsnæði sem yrði innan við 1.000 fm til að byrja með. „Óskastaðsetning væri nálægt akstursbraut sem myndi þýða að auðveldara yrði að prófa bílana á meðan á þróun þeirra stendur og hver bíll þarf að vera prófaður áður en hann er afhentur viðskiptavini,“ segir Ólafur. „Það að opna verksmiðju hirlendis myndi einfaldlega þýða að um hreinustu bílaframleiðslu í heimi yrði að ræða, þar sem við notum svo mikla græna orku og við erum ekki að tala um stóriðju. Auk þess er mjög auðvelt að eiga við tæknileg vandamál öfugt við það sem margir kunna að halda.



Silfurörvarnar frá Auto Union saman komnar á Goodwood Revival árið 2012 en hönnun Viking Union GP Tolv byggir á þeim. NORDICPHOTOS/GETTY

Hér í Bretlandi er meiriháttar mál að fá eitthvað sérsmíðað en á Íslandi er meiri áhugi og vilji til að redda hlutunum. Auk þess er sérþekking og málsmíði orðin mjög góð á Íslandi með öllum iðnaðinum kringum fiskvinnsluna. Loks væri svona starfsemi einstaklega góð fyrir nemendur í bilgreininni þar sem svona bílar eru handsmiðaðir,“ segir Ólafur enn fremur.

### Framleiða einn bíl á mánuði

Viking Union verður tveggja manna götubíll með yfirbyggingu og einrýmishönnun úr bestu koltrefjum á markaðnum í dag. Billinn verður „Retro“ með analog mælum í mælaborði og laus við allan tölvubúnað. Það verður samt ABS og spólvörn sem hægt verður að slökka á, kjósi menn svo. Menn munu geta valið um beinskíptan eða flipaskíptan girnkassa, sem er ekki í boði frá flestum samkeppnisaðilum. „Við erum að

skoða með nokkur einkaleyfi á nokkrum íhlutum í bílnum en þeir hlutir hafa ekkert með keyrslugetu bílsins að gera en skipta miklu máli samt. Einkaleyfin eru meira á tæknipáttum því margir kvarta mjög yfir afskiptasemi bíla í dag og þessi bíll er í raun og veru eins hreinn sportbíl og mögulegt er, sem er sérstakt í dag,“ segir Ólafur. „Ég er með fleiri bíla á teikniborðinu sem kannski verða að veruleika ef þessar áætlanir ganga eftir. Hugmyndin er að framleiða kannski um 10-14 bíla á ári. Þessir bílar eru handsmiðaðir frá A-Z og verða gríðarlega vandaðir og sérstakir sem þýðir að 99% bílanna verða seldir til safnara og verulega fjársterkra aðila um heim allan,“ segir Ólafur um væntanlega kaupendur bílsins. Ef framleiðsla fer ekki yfir 60 bíla á ári í Evrópu þurfa bílarnir ekki að gangast undir eins strangar framleiðslureglur og hjá stóru merkjunum.







**TOYOTA**

ALWAYS A  
**BETTER WAY**

# Sportjeppi fjölskyldunnar **RAV4**



**RAV4 – verð frá: 5.090.000 kr.**

**RAV4 Hybrid – verð frá: 6.190.000 kr.**

RAV4 er bíll ársins í sínum flokki og fylgir fjölskyldunni árið um kring – hvert sem ferðinni er heitið. Fjölhæfur sportjeppi sem aldrei klikkar á að koma með í lautartúrinn, skíðabrekkuna, veiðitúrinn og íþróttamótin allan hringinn.

**Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum.** Landsbankinn fellir niður lántökugjöld af nýjum Hybrid-bílum frá Toyota á Íslandi – enda eru þeir kolefnisjafnaðir að fullu í samstarfi við Kolvið. Við fögnum þessu fagurgræna skrefi í átt að vistvænni bílakaupum. **Sjá nánar á [toyota.is](http://toyota.is)**



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
570 5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
420 6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
480 8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS





Mikil mótmæli einkenndu bílasýninguna í Frankfurt í fyrra og hér hefur hópur mótmælenda lokað innganginum að sýningunni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Frankfurt bílasýningin flytur sig um set

Frankfurt bílasýningin var haldin í fyrra sem endranær en 30% minni aðsókn á hana olli miklum vonbrigðum. Þess vegna hafa samtök bílaframleiðanda í Þýskalandi ákveðið að flytja sýninguna og komst Frankfurt ekki einu sinni á lokalistann yfir hvaða borg yrði fyrir valinu. Þær borgir sem koma til greina eru Berlín, Hamborg eða München.

Sýningin hefur verið haldin í Frankfurt í 70 ár en hún er haldin annað hvert ár, til móts við bílasýninguna í París. Sýningin er ásamt bílasýningunni í Genf stærsta bílasýning alfunnar. Hún hefur verið kölluð Alþjóðlega bílasýningin og verið mikilvæg fyrir frumsýningar og kynningar

á nýjum módelum. Kannanir hafa sýnt að um þriðjungur þeirra sem heimsækja sýninguna munu kaupa bíl á næst sex mánuðum. Sýningin er stór og mikið í hana lagt og er þar af leiðandi dýr fyrir framleiðendurna, sem hafa undanfarið kosið að halda eigin kynningar sem auðvelt er að streyma yfir netið fyrir brot af þeim kostnaði sem þátttaka í stórrí sýningu kostar.

Samtök bílaframleiðanda hafa sagt að breyta þurfi áherslum og setja fókussinn á samgöngur í borgum framtíðarinnar og þess vegna eru stórborgirnar Berlín, Hamborg og München í lokavaliinu sem tilkynnt verður á næstu vikum.



Kaupendur voru ekki tilbúnir að borga aukalega fyrir Benz merkingu á Navara pallbíl. MYND: TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

## Mercedes hættir framleiðslu X-línu

Mercedes-Benz hefur ákveðið að hætta framleiðslu á X-línu pallbílnum eftir aðeins þrjú ár í framleiðslu. Billinn var kynntur árið 2017 og var ætlað að keppa við VW Amarok, Ford Ranger og Toyota Hilux á hinum vinsæla pallbíla-markaði. Kaupendur voru hins vegar ekki tilbúnir til að kaupa bíl með Benz stjórnunni sem var í raun og veru Nissan Navara undir

» Eftir aðeins tæp þrjú ár í framleiðslu hefur Mercedes ákveðið að hætta framleiðslu á pallbíl sínum í júní næstkomandi.

niðri og borga aukalega fyrir það. Salan 2018 var aðeins 16.700 eintök á heimsvísu og um það bil 10.000 bílar seldust á fyrstu níu mánuðum síðasta árs. Í Bandaríkjunum var ásóknin sem áður mest í stærri pallbíla en X-línuna. Síðasti billinn mun renna út af færibandinu í Barcelona í júní og hætt verður að taka við pöntunum í bílinn í næstu viku.

# Lægra lántökugjald við kaup á vistvænum bílum

**Viðskiptavinir Landsbankans** greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Í tilefni af þriggja ára afmæli Jeep® umboðsins á Íslandi bjóðum við Jeep® Compass Limited hlöðnum lúxusbúnaði á ótrúlegu tilboðsverði.

## ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

**AFMÆLISTILBOÐ**

**5.990.000 KR.**

TAKMARKAÐ MAGN



### JEEP® COMPASS LIMITED

FULLT VERÐ MEÐ AUKAHLUTUM: 7.424.000 KR. - TILBOÐ: 5.990.000 KR.

- Leðurinnrétting með rafdrifnum sætum
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Hiti í stýri og framsætum
- Íslenskt leiðsögukerfi
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Alpine hljómfletningstæki með bassaboxi
- Sjálfvirk tveggja svæða miðstöð með loftkælingu
- Aðfellanlegir og upphitaðir hliðarspeglar
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma
- Svart þak
- 140 hö. diesel, 9 gíra sjálfskipting
- Select-Terrain fjórhjóladrif með 4 drifstillingum
- Bakkmyndavél
- Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
- Árekstrarvari
- LED dagljós og LED afturljós
- 18" álfelgur
- Blindhorns- og akreinavari
- Fjarlægðarstilltur hraðastillir
- Leggur sjálfur í stæði

## ÖRFÁIR BÍLAR EFTIR

## KOSTIR OG GALLAR

## Nissan Juke

Grunnverð: 3.790.000 kr  
 Vélarstærð: 999 rsm  
 Hestöfl: 117  
 Hámarkstog: 202 Newtonmetrar  
 Upptak 0-100 km: 10,4 sek  
 Hámarkshraði: 180 km  
 Eigin þyngd: 1.192 kg

L/B/H: 4.210/1.800/1.595 mm  
 Hjólhaf: 2.636 mm  
 Veghæð: 170 mm  
 Farangursrými: 422 l

## KOSTIR

- Búnaður
- Sjálfskipting

## GALLAR

- Aðeins ein vél í boði
- Hólf frammi
- Handfang fyrir afturhurð

## Frísklegt útlit og meira fyrir peninginn

Nissan Juke kom á markað fyrir níu árum síðan og því var löngu kominn tími á nýja kynslóð.

Segja má að Nissan Juke hafi markað fyrstu sporin í deild sportlegra smájepplinga og eitt er víst að samkeppnin hefur heldur betur harðnað. Hann var þá hannaður fyrir sölu í öllum heimshornum en nýr Nissan Juke er meira hannaður fyrir sölu í Evrópu og er það vel. Nýr Juke er stærri og vigalegri en sá sem hann tekur við af og munar þar mestu um meira hjólhaf, en heildarlengd hans er samt ekki mikið meiri.

## Talsvert meira hjólhaf

Framsætin eru bara övenju góð miðað við bíl í þessum flokki. Efnisval er vandaðra en áður og núna er hægt að stilla stýrið fram og aftur líka. Eini ljóðurinn frammi eru lítil hólf og þá sérstaklega hanskahólf og miðjuhólf. Meira hjólhaf þýðir meira fótapláss og þökkalegt rými fyrir tvo fullorðna aftur í og jafnvel eitt barn. Talandi um börn, þá eiga þau þó eftir að kvarta yfir hversu hátt er upp í hliðarrúður og hversu mikið þarf að teygja sig upp í handfangið fyrir afturhurðina, sem er á sama sérviskulega stað og í C-HR. Skottið er kannski ekki það stærsta en hefur samt stækkað verulega, fer úr 354 lítrum í 422 lítra. Hægt að hækka gólfið sem er kostur, þannig að aftursætin falla alveg slétt niður.

## Mjög vel búinn

Billinn er sérlega vel búinn og mættu framleiðendur lúxusbíla fara að taka það sér til fyrirmyndar hversu bílar í þessum flokki eru vel búnir í dag. Hann er með tveimur stórum upplýsingaskjám, annar þeirra snertiskjár með Apple Carplay og Android Auto. Það er í honum upphituð framrúða, veglínuskynjari með stýrisaðstoð og 360 gráðu myndavél sem dæmi, en billinn sem við vorum með í prófun var N-Connecta útgáfan sem er næst á eftir Tekna.

## Aðeins ein vél í boði

Undirvagn Nissan Juke er sami og í Nissan Micra og Renault Clio. Eina vélin sem er í boði er þriggja strokka bensínvél með forþjöppu en að sögn Nissan er tvinnútgáfa að vænta seinna á árinu. Þótt hún sé aðeins 117 hestöfl er hún merki-



Nýtt útlit Nissan Juke er hvassara og sportlegra en áður og mjó stöðuljósín setja mikinn svip á bilinn.

MYNDIR/  
ANTON BRINK



Þótt vélin sé aðeins eins lítra skilar hún viðunandi afli með forþjöppu.

lega nóg fyrir þennan bíl sem er 25 kg léttari en fyrri kynslóð. Togið er reyndar aðeins 201 Newtonmetri og það er smá hik í byrjun en svo kemur aflið vel inn yfir mitt snúningssviðið. Hennar helsti galli er titringurinn sem vart verður við

frá strokkunum þremur í lausgangi og þegar það reynir á bilinn á lágsnúningi. Það er ekkert fjórhjóladrif í boði en komin er alvöru sjö þrepa sjálfskipting sem virkar mjög vel. Billinn virkar frekar mjúkur í fjöðrun, og leggst aðeins



Farangursrýmið er 422 lítrar og hefur stækkað um 68 lítra frá fyrri kynslóð.



Búnaðurinn er til fyrirmyndar og allar útgáfur hérlendis koma með stóra upplýsingaskjám þar sem Visia grunnútgáfan er ekki boðin hérlendis.

niður á hornin og losar því aðeins afturdekkið á móti. Hægt er að velja um þrjár akstursstillingar, Eco, Normal og Sport sem hafa áhrif á bensínjöf, stýri og bremsur. Hann er nokkuð snöggur upp á lagið með stýrið í sportstillingunni og vélin kemur frísklegar inn.

## Stendur sig vel í verði

Grunnverð Nissan Juke er 3.790.000 kr en það er fyrir Acenta útfærsluna sem er nokkuð vel búin. BL býður ekki einu sinni

upp á ódýrari Visia útgáfuna sem er þá ekki með stóra upplýsingaskjámum. Hans helstu keppinautar eru Toyota C-HR, Skoda Kamiq og VW T-Roc en Kamiq er ekki í boði enn sem komið er hérlendis. C-HR er mun dýrari í grunninn en hann kostar frá 4.840.000 kr. en grunnverð VW T-Roc er skaplegra eða 4.390.000 kr. Að því sögðu má sjá að nýr Nissan Juke stendur sig sannarlega vel í verðsamkeppninni og mikið sem kaupandinn fær fyrir peninginn.



MICKEY THOMPSON  
**M/T**  
 TIRES & WHEELS

The BOSS is here!

BAJA BOSS - nýtt grófmynstrað jeppadekk frá Mickey Thompson

Til að byrja með fáanlegt í:

37X12.50R17

40X13.50R17

icetrack ehf 773-4334 [mtdekk@mtdekk.is](mailto:mtdekk@mtdekk.is) [www.mtdekk.is](http://www.mtdekk.is)





Bill Murray þótti meira við hæfi að velja nýjan Jeep Gladiator þegar hann rændi múrmeldýrinu núna.

## Auglýsing Jeep Chrysler vinsælust á Super Bowl

Það var auglýsing Jeep fyrir Gladiator pallbílinn sem varð hlutskörpust í vinsældavali áhorfenda fyrir Super Bowl keppnina. Auglýsingar á úrslitakeppninni vekja ávallt mikla athygli og nota framleiðendur oft keppnina til að hrinda auglýsingaherferðum af stað. Jeep var með 60 sekúndna auglýsingu sem kallaðist Groundhog Day þar sem að leikarinn Bill Murray endurvakti veðurfræðinginn Phil Connors úr samnefndri mynd. Þar mátti einnig sjá Stephen Tobolowski sem tryggingasölu-manninn Ned Ryerson og Brian Doyle-Murray með pipuhattinn sem stjórnanda hátíðarinnar.

Auglýsingin var tekin í Highdive í Woodstock sem er í nágrenni Chicago þar sem myndin var tekin upphaflega. Föru upptökur fram viku fyrir keppnina og hvíldi mikil leynd yfir tókunum. Bæði Super Bowl og dagur múrmeldýrsins lentu á sama deginum í ár, hinn 2. febrúar.

# Konur taka nú mótorhjólapróf í Sádi-Arabíu

43 konur hafa tekið þátt í fyrsta mótorhjólánámskeiðinu í Riyadh sem skipulagt er af mótorhjólakennara frá Úkraínu.

Konur í Sádi-Arabíu flykkjast nú á göturnar eftir að hafa loksins fengið leyfi til að keyra þar í landi. Þær eru orðnar algeng sjón á fjórhjóra ökutækjum en konur á mótorhjólum eru það ekki, segir í grein í netútgáfu Arab News.

Elena Bukaryeva er reyndur mótorhjólakennari og hefur opnað Bikers Skill Institute mótorhjólaskólann í Riyadh sem var fyrsti ökuskólinn til að bjóða upp á þess háttar kennslu í Sádi-Arabíu. Hún er eini mótorhjólakennarinn þar í landi sem kennir nú konum á mótorhjól, sem langar að leggja það fyrir sig. Skólinn býður upp á allar gerðir af mótorhjólánámskeiðum fyrir götuhjól jafnt sem torfæruhjól og kostar hvert námskeið 2-400SR eða 25-50.000 IKR. „Hingað til hafa 43 konur frá nokkrum löndum, 20 þeirra frá Sádi-Arabíu en afgangurinn frá öðrum arabalöndum eins og Egyptalandi og Líbanon, tekið þátt í mótorhjólánámskeiðum okkar síðan að akstursbanni fyrir konur var aflétt,“ segir Bukaryeva. Námskeiðin eru eins og í löndum Evrópu og byggja á grunnatriðum mótorhjólaksturs með bæði bóklegum og verklegum kennslustundum. „Við kennum á minni gerðir mótorhjóra svo að nemandinn nái meiri færni og lengd verklegra kennslustunda fer eftir



Elena Bukaryeva er mótorhjólakennari frá Úkraínu og kennir konum í Sádi-Arabíu á mótorhjól. MYNDIR/ARAB NEWS



Námskeiðin kenna grundvallaratriði mótorhjólaksturs án þess þó að veita þáttakendum ökuskírteini enn sem komið er.

getu hvers og eins, þar til viðkomandi hefur náð tilætlaðri færni á mótorhjól,“ segir Bukaryeva. „Reynslan hefur sýnt að konur fá fullan stuðning í konungdæminu og jafnvel aðstoð frá karlkyns mótorhjólamönnum,“ segir Bukaryeva enn fremur. Samgönguyfirvöld í Sádi-Arabíu hafa þó ekki gefið út nein ökuskírteini til kvenna eins og er. „Þær konur, sem er mjög í mun að fá ökuskírteini, hafa farið til nágrennaríkisins Bahrain,“ sagði Bukaryeva.

## ÍSKRAFT


# EO

# HLEÐSLU-STÖÐVAR

Eigum úrval hleðslustöðva fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki. Hagstætt verð, gæði og falleg hönnun.

EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar sameina gæði og hagstætt verð í fallettri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu.

Ískraft - sérfræðingar í hleðslustöðvum.



Smiðjuvegur 5 / 200 Kópavogur [www.iskraft.is](http://www.iskraft.is) / Sími 535 1200

## KOSTIR OG GALLAR

## Mitsubishi L200

Grunnverð: 5.490.000 kr.  
Hestöfl: 150.  
Tog: 190 Nm/4.400-5.200 sn.  
Hröðun: 0-100 km 8,2 sek.  
Hámarkshraði: 174 km/klst  
Eyðsla bl.ak.: 7,8 lítrar  
CO<sub>2</sub> losun: 206 g/km

L/B/H: 5.300/1.895/1.795 mm  
Hjólhaf: 3.000 mm  
Vaðdýpt: 700 mm  
Eiginþyngd: 1.485 kg  
Dráttargeta: 3500 kg  
Vél: 2.268 rsm  
Burðargeta: 1.080 kg

## KOSTIR

- Driflína
- Útlit
- Aksturseiginleikar

## GALLAR

- Vélarafi
- Upplýsingaskjær



Framendinn er talsvert mikið breyttur með húddi sem er 40 mm hærra og ljósin hafa verið færð upp um 100 mm. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

## Með verklegra útlit og betri aksturseiginleika

Sjötta kynslóð Mitsubishi L-200 hörkutólsins er nú komin á markað með nýju útliti og vél.

Einn vinsælasti pallbíll á Íslandi er án efa Mitsubishi L-200 og þótt víðar væri leitað. Mitsubishi hefur þegar selt 4,7 milljón eintök af L-200 í heiminum síðan framleiðsla hófst árið 1978. Með þeim 2400 breytingum sem átt hafa sér stað á þessari sjöttu kynslóð er reynt að gera bílinn kraftalegri þótt hann byggji í raun og veru mikið á fyrri kynslóð. Óhætt er þó að segja að nýja útlitsbreytingin er vel heppnuð og bíllinn allur verklegri og sportlegri að sjá. Húddið er töluvert hærra og ljósin hvassari en þau eru 100 mm hærra en áður.

### Með meiri búnaði en áður

Það er þægilegt að ganga um bílinn og gott að setjast uppí hann miðað við pallbíll í þessum stærðarflokki. Þótt L-200 sé með minni pallbílum fær maður það þó ekki á tilfinninguna undir stýri á þessum bíl. Innréttingin minnir meira á fólkubíl og er í stíl við nýjustu bíla Mitsubishi en er samt ekki mikið breytt frá fyrri kynslóð. Kominn er meiri búnaður en áður og þá sérstaklega í dýrari útgáfum bílsins. Stýrið er með flipum fyrir sjálfskiptingu en þeir fylgja samt ekki stýrinu sem er dálítið óþægilegt. Sætin eru stærri og þægilegri og það er nóg af góðum hölfum. Það eru líka komnir upplýsingaskjær og díóulýsing í kætu svo allt umhverfið er nýtiskulegra þótt það sé kunnuglegt. Það vekur athygli að upplýsingaskjær er ekki búinn leiðsögutæki og öll upp-



Afl vélarinnar er minna en áður og skilar hún nú 150 hestöflum og hefur 400 Newtonmetra hámarkstog sem kemur fyrir inn á snúningssviðinu.



Mælaborðið er kunnuglegt þótt kominn sé betri upplýsingaskjær og meiri búnaður.

setning mætti vera einfaldari. Sem dæmi ef velja á að hringja í síðasta númer, þarf fyrst að fara í síma og síðan velja síðustu tengiliði, svo nafnið og síðan að velja hringitakkann. Loks þarf að svara spurningu um hvort maður hafi örugglega valið rétta aðilann, en þetta er alltof flókin leið að jafn einfaldri aðgerð. Annars er lítið hljóð frá vélinni í farþegarými nema á snúningi og greinilegt

að meira hefur verið lagt í hljóð-einangrun.

### Aflminni vél en áður

Þennan nýja L-200 er enn þá skemmtilegra að keyra en fyrri kynslóð og sérstaklega er eftirtektarvert að finna hversu öruggur hann er í stýri. Búið er að endurhanna fjöðrun til að gefa mýkri og hljóðlátari akstur, en L200 er á blaðfjöðrum að aftan en með



Pallurinn ber 1.080 kíló og er með sex botnfestingum en hægt er að fá lok yfir pallinn sem aukabúnað. Auk þess er hægt að fá hann með klæðningu.

sjálfstæða fjöðrun að framan. Ekki skemmir fyrir að komin er ný sex þrepa sjálfskipting sem ræður enn betur við allan þann akstur sem slíkum bíl eins og þessum er boðið upp á. Loks er driflína Mitsubishi pallbílsins sér á parti. Þess vegna skilur maður ekki hvað hönnuðir Mitsubishi voru eiginlega að hugsa þegar þeir ákváðu að minnka afl bílsins verulega, en nýja vélin er aðeins 150 hestöfl sem er talsvert undir því besta sem aðrir bjóða upp á. Jú, nýja vélin er öll úr áli, nær 400 Newtonmetra hámarks-togi 500 snúningum neðar en gamla vélin og stenst nýjustu mengunarstaðlana en það er ekki nóg í flokki bíla þar sem menn horfa á afköst vélanna fyrst og fremst. Til að bæta gráu ofan á svart er hik á lágsnúningi og aflið byrjar ekki að skila sér að ráði fyrr en nálægt 2.000 snúningum. Það sem bjargar bilnum er eins og áður var sagt góð driflína sérstaklega

þegar kemur að drætti. Hægt er að skipta úr afturhjóladrifi í fjórhjóla-drif á ferð, tölva sér um aksturs-tillingar ef stillt er á akstur í mól, leðju/snjó, sandi eða steinum. L-200 er líka með brekkuvíðnám og læsingu á mismunadrifi að aftan.

### Öflug samkeppni

Eins og áður sagði er mikil samkeppni á pallbílamarkaði og þessi flokkur orðinn mjög fjölbreyttur. Helstu samkeppnisaðilar hans héraendis eru Toyota Hilux, Nissan Navara og Ford Ranger. Mitsubishi L-200 er 150 hestöfl og grunnverð hans er 5.490.000 kr. Hestaflatala Toyota Hilux er sú sama en hann kostar frá 6.270.000 kr. Nissan er 160 hestöfl og kostar frá 5.790.000 kr og loks er Ford Ranger frá 170 hestöflum og kostar frá 6.490.000 kr. Hann er líka hægt að fá með öflugri 213 hestafla vél en þá kostar hann frá 7.690.000 kr.



SUBARU

Confidence in Motion



# RAFMAGNIÐ ER KOMIÐ Í SUBARU

ÞÚ VERÐUR AÐ PRÓFA!

Ný kynslóð Subaru Forester er nú í fyrsta sinn búin nútíma raftækni sem kallast e-BOXER HYBRID. Í henni sameinast kostir þverliggjandi BOXER-vélar með einstaklega lágan þyngdarpunkt og rafmótors sem á hljóðlátan hátt sparar eldsneyti, eykur afl og minnkar CO<sub>2</sub> útblástur.

## NÝR SUBARU FORESTER e-BOXER HYBRID

**SUBARU FORESTER PREMIUM e-BOXER HYBRID**

Sjálfskiptur, verð: 6.890.000 kr.

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
www.bilasareykjaness.is  
419 1881

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



## KOSTIR OG GALLAR

## Discovery HEV

Grunnverð: 6.890.000  
 Hestöfl: 150  
 Snúningsvægi: 380 Nm  
 Hröðun 0-100 km: 7,7 sek  
 Hámarks hraði: 220 km  
 L/B/H: 4.597/2.069/1.727  
 Hjólhaf: 2.741

Eigin þyngd: 2.009 kg  
 Vaðdýpt: 600 mm  
 Dráttargeta: 2.500 kg  
 Eyðsla, bl, ak: 5,6 l  
 CO<sub>2</sub>: 144 g/km

## KOSTIR

- Fjöðrun
- Rými

## GALLAR

- Þriðja sætaröðin
- Fletting á upplýsingaskjá



Með andlitslyftingunni kemur Discovery Sport með smekklefum díóðuljósum að framan og fjöðrunargeta í torfærum er áfram aðalsmerki bílsins. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON


## Lúxusjeppi með góða fjöðrun og torfærugetu

Ný kynslóð Discovery Sport kom á markað snemma á síðasta ári en tvinnútgáfa ekki fyrr en seint á árinu

Land Rover Discovery Sport kom fyrst til sögunnar árið 2015 og var kynntur fyrir heimspressunni hér á Íslandi. Þar fengu blaðamenn að prófa bílinn við ýmsar aðstæður, meðal annars uppi á hálendinu. Nú tæpum fimm árum seinna er komið að því að gefa bílnum smá andlitslyftingu og þá aðallega innandyrna en einnig á ljósabúnaði. Um 60% af bílnum hafa verið endurhönnuð og hann er nú kominn í tvinnútgáfu líka sem við höfðum til prófunar. Þótt reynsluaksturinn hafi ekki verið um hálendið að þessu sinni var bíllinn þó prófaður í torfærum líka.

### Smekkleg innrétting

Að innan er Discovery Sport nánast eins og aðrir Land Rover og Range Rover jeppar. Hann er með einfaldari útgáfu af InControl upplýsingakerfi Land Rover. Stór upplýsingaskjári er í mælaborði og snertiskjár fyrir miðju en hann er ekki með skjánum fyrir miðstöðina líka. Það er smá hik í skjánum þegar nota á flettingu eða aksturstillingum með sama skrunakkanum. Komin er aftursætaröð sem skiptist 40:20:40 sem að með þriðju sætaröðinni er hægt að stilla á 24 mismunandi vegu. Fyrir fjölskyldufólk á faraldsfæti með alls konar útivistarþúnað er það eflaust kostur. Óhætt er að segja að það fer vel um alla fimm farþegana í Discovery Sport því að sæti eru í stærri kantinum og fótá-



#### 1 Ingenium vélar

Hægt er að velja um bæði dísil- og bensínvélar frá 150 til 250 hestöfl.

#### 2 48V rafhlaða

14 x 84Ah lithium sellur geyma allt að 200Wh af orku án þess að hafa áhrif á innanrými.

#### 3 Beltistengdur Startari/Rafall

Nýtir þá orku sem verður til þegar inngjöf er sleppt, og sendir meira snúningsvægi til að aðstoða við upptak.

#### 4 Straumbreytir

DC/DC straumbreytir sér bæði 48V og 12V kerfi bílsins fyrir straumi og aðstoðar við hleðslu.



Komið er nýtt mælaborð með tveimur stórum upplýsingaskjám og stílhreina útlit í innréttingu, sem er með vel útfærðum miðjustokki.

rými og höfuðrými gott í hvívetna. Plássíð í farangursrými nýtist vel og það er þægilegt að hafa niðurfellingu á aftursætaröðinni við afturhlerann. Þriðja sætaröðin, sé hún fyrir hendi er hins vegar aðeins fyrir þá fótstáðu því að fótaráymi er mjög takmarkað þannig.

### Nú með tvinnútfærslu

Fjögurra strokka 150 hestafla vélin er nú komin í mildri tvinnútfærslu. Með 48 volta mildri tvinnútgáfu þýðir það einfaldlega að startaranum er umbreytt í stærri rafmótor sem er tengdur vélinni með belti. Rafmótorinn getur hlaðið rafmagn við hemlun sem fer í rafhlöðu sem komið er fyrir undir aftursætum. Á undir 17 km hraða slekkur vélin

á sér ef ökumaður er kominn með fótinn á bremsuna. Notar billinn þá rafmagnnið á rafhlöðunni og aðstoðar við upptakið en rafmagnnið gefur allt að 140 Newtonmetra aukið tog. Þegar verið var að hægja á bílnum stutta stund, eins og í vinstri beygju á ljósum fannst örlítið hik í upptakinu en að öðru leyti virkaði búnaðurinn vel og hljóðlaust. Ný niú þrepa sjálfskipting frá ZF tryggir svo silkimjúkan akstur enn frekar. Yfirbyggingin er nú 13% stífari en það finnst ekkert endilega í akstrinum. Fjöðrunin er mýkri en í flestum jepplingum í sömu stærð og hann leggst fyrir vikið aðeins í beygjum en á móti kemur að hún er einstaklega þægileg á grófarri vegum og hentar því bíllinn vel íslenskum aðstæðum utan borgarmarkanna.

### Margir um hituna


Helstu keppinautar eru þónokkrir og fer það eftir því hvort maður ber saman lúxus eða þá staðreynd að hann er með þriðju sætaröðina. Peugeot 5008 og Skoda Kodiak eru vel búnir bílar sem bjóða upp á möguleika á sjö sæta útfærslu fyrir talsvert minna verð, Peugeot 5008 frá 4.930.000 kr og Kodiak frá 6.555.000 kr. Það er frekar að Discovery Sport keppi við bíla eins og BMW X3, Audi Q5 og nýjan Mercedes-Benz GLC sem kemur einnig með sjö sætum. BMW X3 kostar frá 7.190.000 kr, en Q5 frá 9.990.000 kr. Ekki er komið verð á Mercedes CLS þegar þetta er ritað. Grunnverð tvinnútgáfu Discovery Sport er hins vegar 6.890.000 kr svo að ljóst er að hann stendur sig ágætlega í samkeppninni verðlega séð, enda munar um minna kolefnaspor tvinnútgáfunnar.





# VIÐ ÞEKKJUM VARAHLUTI OG ÞEIR ÞEKKJA OKKUR

## Hágæða varahlutir



## Bremsuhlutir



## Gæðaoilur



## Varta rafgeymar



## Brenderup kerrur



7 verslanir um land allt

Sími 535 9000



STÓRVERSLUN  
DVERGSHÖFÐA 2  
110 Reykjavík  
S. 535 9000

Vatnagörðum 12  
104 Reykjavík  
S. 535 9000

Dalshrauni 17  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargötu 52  
230 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

www.bilanaust.is

## Verður nýr Ford Bronco frumsýndur í apríl?

Alveg síðan Ford tilkynnti á Bíla-sýningunni í Detroit árið 2017 að Bronco nafnið yrði notað aftur á jappa hafa bílaáhugamenn beðið spenntir eftir því hvers er að vænta. Ford hefur gengið vel að halda útliti jeppans leyndu og aðeins látið hafa eftir sér nýlega að bíllinn verðir frumsýndur vorið 2020. Stóra sýningin á vorin í Bandaríkjunum er New York Auto Show sem fram fer fyrri hluta aprílmánaðar.

Ford hefur þó sagt aðeins meira, eins og að nýr Ford Bronco sé byggður á grind, sem er orðið fátítt þessa dagana. Það þýðir einfaldlega að um er að ræða alvöru jappa

sem mun geta glímt við meiri torfærur en jepplingar. Hann mun líka nota sömu vélar og Ford Ranger pallbillinn og reyndar undirvagn líka. Það þýðir ekki að V8 vél sé í kortunum en 2,3 lítra EcoBoost vélin skilar 270 hestöflum og er því verðug. Það þýðir líka að Bronco getur fengið nýju 10 þrepa sjálf-skiptinguna. Orðrómur er líka um nýjan sjö gíra beinskíptan girkassa sem verður notaður við 2,7 lítra EcoBoost V6 vélinna sem yrði heldur ekki leiðinlegur pakki, sú vél er 325 hestöfl og skilar 542 Newtonmetra togi. Við vitum líka að hann verður boðinn bæði þriggja og fimm dyra, og von er á Bronco pallbíl



Þessar nýsmyndir á Ford Bronco í miklu dulargervi birtust í netheimum á dögunum og sýna bilinn á hærri fjöðrun og verklegan dekkjabúnað.

» Það eru margir spenntir yfir því hvernig nýr Ford Bronco verður útbúinn. Verður hann jeppe eða ekki?

2024 svo að samkeppni við Jeep er greinilega í kortunum. Heyrst hefur einnig að hægt verði að losa hurðir og þak og koma þeim fyrir í flutningsrými bílsins. Hvort við fáum svo að sjá Bronco 7-8. apríl á pressudögum New York sýningarinnar kemur í ljós.

## Kórónavírus hefur áhrif á bílaframleiðslu

Bílaframleiðendur hafa þurft að bregðast við á margan hátt vegna kórónavírussins. Honda og Nissan hafa meðal annars þurft að flytja starfsfólk frá Kína og forstjóri Tesla, Elon Musk, lét hafa það eftir sér að tafir yrðu á framleiðslu Model 3 í Shanghai. Renault hefur lokað verksmiðju sinni í Wuhan fram í miðjan febrúarmánuð að minnsta kosti. Vírusinn hefur þó mest áhrif á framleiðendur íhluta eins og Bosch og Magna International sem reka margar verk-smiðjur í Kína með tugþúsundir starfsmanna. Verstu spár gera ráð fyrir að vírusinn minnk- bílaframleiðslu ársins í Kína um 32% eða um 1,7 milljónir ökutækja að sögn IHS Markit. Ekki eru allar fréttir þó slæmar því að samstarfsaðili Ford, Jiangling Motors Corp., hefur þurft að auka framleiðslu sína á sjúkrahúsum um 1.900 eintök.



Þessi nýsmynd af Sorento með feludúkinn á næðist á dögunum.

## Nýr Sorento frumsýndur í febrúar

Ný kynslóð Kia Sorento er á næstu grösum og samkvæmt fréttum frá bílablaðamönnum í Suður-Kóreu verður hann frumsýndur eftir fáeinir vikur. Netveitan The Korean Car Blog hermir að frumsýning nýja bílsins verði í Suður-Kóreu þann 17. febrúar næstkomandi, sem er sami dagur og opið er fyrir pantanir á heimamarkaði. Það þýðir að öllum líkindum að Evrópufrumsýning hans verði þremur vikum síðar, á bílasýningunni í Genf. Kia Sorento keppir við bíla eins og Skoda Kodiak, Land Rover Discovery Sport og Nissan X-Trail, en Sorento er byggður á sama undirvagni og Hyundai Santa Fe. Samkvæmt nýjum nýsmyndum af bílnum lítur hann út fyrir að vera með hvassari línunum en áður og hafa hið einkennandi grill sem kallað er tigrisnef. Sorento verður líklega boðinn með 2,2 lítra dísilvél en einnig sem tengiltvinnbíl. Í þeirri útgáfu er líklegt að hann noti 1,6 lítra vélinna úr Niro með forþjöppu, ásamt rafmótor fyrir afturhjól.



[www.krokur.net](http://www.krokur.net)  
**522 4600**

## Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



**KRÓKUR**  
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær



Mest  
selda lið-  
bættiefni á  
Íslandi.

„Ég tek einungis tvær töflur á dag sem er viðhaldskammturinn og endist glasið því í þrjá mánuði.“

Kristófer, 81 árs

#### Nutrilenk Gold inniheldur:

- Kondróttin sem unnið er úr fiskbeinum, aðallega úr hákórlum.
- Kalk sem er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina.
- Mangan sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina sem og eðlilega myndun bandvefja.
- D-vítamín sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og vöðvastarfsemi.
- C-vítamín sem stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi beina og brjósks og sem einnig er þekkt fyrir að draga úr þreytu og lúða.

Kristófer Valdimarsson losnaði við verki í hjám og liðum eftir að hann tók inn Nutrilenk Gold. „Sársaukinn sem fylgdi daglegri hreyfingu var orðin of mikill og farinn að hafa áhrif á lífsgæðin.“

# Upplifi enga verki og er aftur farinn að njóta heilsunnar

NUTRILENK GOLD hefur hjálpað þúsundum Íslendinga sem þjást af liðverkjum, stíðleika eða braki í liðum. Kristófer Valdimarsson ber því vel söguna og losnaði við verki í liðum og hnjám.

Nutrilenk Gold er unnið úr sérvöldum fiskbeinum (aðallega úr hákórlum) sem eru rík af kondróttini, kollageni og kalki. Reynslan hefur sýnt að það hefur hjálpað fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjóðmum.

Nutrilenk Gold hentar vel ef brjósks hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger.

#### Byggingarefni brjósksvefs

Helstu innihaldsefni í Nutrilenk

Gold eru kondróttin og kalk en til þess að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er, þá eru þau meðhöndluð með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólakúlin og gerir þau frásogunarhæf og virk sem byggingarefni fyrir brjósksvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín sem hvetur eðlilega myndun kollagens sem nauðsynlegt er til að viðhalda brjóskski, D-vítamín og mangan.

#### Fann strax mun

Kristófer, 81 árs, fór að nota Nutrilenk vegna verkja í liðum og stíðleika í hnjám með góðum árangri.

„Ég hef alla mína tíð verið svo heppinn að búa við góða heilsu og líkaminn verið hraustur. Þó verður það að viðurkennast að eftir því sem árunum hefur fjölgað á lífsleiðinni hef ég upplifað aukinn stíðleika og verki í liðamótum. Ég verð 82 ára á þessu ári og því má segja að maður hafi sannfært sjálfan sig um að setta sig við það að gönguferðirnar styttaust eða hlaupum upp og niður stígaganga fækkaði. Sársaukinn sem fylgdi því að labba upp og niður stígaganginn heima eða gönguferðirnar í hrauninu var bara orðinn of mikill til þess að þessi hreyfing

veitti mér sömu ánægju og áður. Það var miður, þar sem að þetta var mín leið til að halda heilsunni við,“ segir Kristófer.

„Það var síðan haustið 2018 sem ég datt inn á að prófa Nutrilenk eftir að hafa séð auglýsingu í blöðunum.“

Ég taldi mig ekki hafa neinu að tapa en allt að vinna og því fór ég að taka inn Nutrilenk samviskusamlega samkvæmt ráðleggingu á umbúðunum. Strax þremur vikum eftir að ég fór að taka töflurnar fann ég fyrir jákvæðum breytingum, þ.e.a.s verkirnir sem komu við álag á hnén við göngu-

ferðirnar mínar eða stígagangsskokkið við að ná í fréttablöðin á morgnana fóru minnkandi með viku hverri.“

#### Heilsuhraustur á ný

„Í dag er ég þannig að ég upplifi enga verki og er aftur farinn að njóta þess að stýðja við heilsu mína með þessari hreyfingu, þökk sé Nutrilenk.“

Ég mæli því eindregið með að fólk sem er að upplifa verki í liðum prófi Nutrilenk í einhvern tíma til að sjá hvort það hjálpi því eins og það hjálpaði mér,“ segir Kristófer.

## Magnesium Joint

### Mjúkir liðir – meiri styrkur

Magnesium Joint er blanda af hreinu magnesíum klóríð og glúkósamíni. Þessi efni hafa reynst vel fyrir liði og vöðva.

- Magnesíum stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi
- Liðbættiefnið glúkósamín
- Mentol og Wintergreen ilm kjarnaólía veita góða kælingu

Fullkomin blanda fyrir auma liði, hvort sem er við íþróttaiðkun eða eingöngu vegna verkja og eymsla.

#### Minni krampar – Betri endurheimt



Fæst í flestum apótekum, Hagkaup og Fjarðarkaup

## Bílar & Farartæki

### Snjómokstur

## VETRARTÆKI

- Mikið úrval á lager -



Fjölplogar frá Pronar hafa fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir góðan styrk og endingu. Fjöldi stærða í boði. Dæmi: 3,3m Verð: 950.000 kr. + vsk Festing frá 47.000 kr. + vsk



Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,  
Sími: 480 0000, [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is)

Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## KRÓKUR

### ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. [www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is) Sími 522-4610.

Bilauppboð - Krókur  
Sími: 522 4610  
[www.bilauppbod.is](http://www.bilauppbod.is)

### Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

## Þjónusta

### Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif. fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 [www.vy.is](http://www.vy.is)

### Pípulagnir

### PIPULAGNIR

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Málarar

Tökum að okkur alla málningarvinnu, fagmennska og sanngjarnt verð. Málningarþjónusta Egils ehf. S.868-5171. [egillsverris@gmail.com](mailto:egillsverris@gmail.com)

### REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggilttra fagmanna. Sími 8919890 eða [malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðaflutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

### Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

### Húsviðhald

### FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Spádómar

### SÁLARRANNSÓKNARFÉLAG ÍSLANDS.

Jón Lúðvíksson miðill.

Opinn skyggnilýsingarfundur í sal félagsins að Hamraborg 1, 5 febrúar, kl. 19:30-21:00  
Verð: félagsmenn kr. 2.000 kr, aðrir kr. 3.000

[www.srfi.is](http://www.srfi.is) - 551 8130 - [srfi@srfi.is](mailto:srfi@srfi.is)



Visir þú að...  
Óþakstærir talvakerkir hafa áhrif á börn.

## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

**FAST**  
Ráðningar

[lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is)  
[mjoll@fastradningar.is](mailto:mjoll@fastradningar.is)

[www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)

# ÞESSI VIFTA SKYNNJAR SKÍTALYKT



VIÐ EIGUM LÍKA VENJULEGAR, STÓRAR, SMÁAR OG SKRÍTNAR VIFTUR. VIÐ EIGUM YFIR 600 TÝPUR Á LAGER.

KIKTU Í VIFTUBÚÐINA. [WWW.VIFTUR.IS](http://WWW.VIFTUR.IS)

# Íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Damien Williams kemur Kansas City yfir í fjórða leikhlutu án þess að Richard Sherman komi neinum vörnum við. NORDICPHOTOS/GETTY



Fagnað snertimarki sem kom Chiefs inn í leikinn á ný.

# Aldrei afskrifa Höfðingjana

Patrick Mahomes leiddi Kansas City Chiefs til sigurs í Superbowl. Titillinn var kominn langleiðina til Kaliforníu áður en sókn Chiefs vaknaði til lífsins

**NFL** Patrick Mahomes sýndi enn og aftur magnaða tilburði þegar hann leiddi Kansas City Chiefs til 31-20 sigurs í Superbowl aðfaranótt mánudags gegn San Francisco 49ers. Mahomes sem átti erfitt uppdráttar snemma leiks virtist vera að kasta fyrsta tækifæri sínu á Superbowl-titli á glæ þegar hann kastaði boltanum í annað sinn frá sér í upphafi fjórða leikhlutu en hann gafst ekki upp. Að hætti Mahomes tók það Chiefs fimm mínútur að fara hundrad jarda fyrir tveimur snertimörkum sem kom Chiefs yfir áður en Damian Williams innsiglaði sigurinn með snertimarki mínútu fyrir leikslök.

Eftir jafnan og spennan leik í fyrri hálfleik náði 49ers frumkvæðinu í þriðja leikhlutu. Vörn liðsins komst inn í tvær sendingar frá Mahomes sem lagði grunninn að tíu stiga forskoti þegar komið var inn í fjórða leikhlutu. Var þetta þriðji leikurinn í röð í úrslitakeppninni þar sem Chiefs var lent tíu stigum undir.

Það var engan bilbug að finna á Chiefs sem sótti hratt og treysti á

» Á 22 ára þjálfaraferli sínum hefur Andy Reid unnið 18 leiki af 21 þegar hann hefur meira en viku til undirbúnings.

skærustu stjórnur liðsins í fjórða leikhlutu. Chiefs skoraði 21 stig í röð og sigldi fram úr 49ers á lokaspöttinum. Á sama tíma hrundi sóknarleikur 49ers og þurfti Kyle Shanahan, þjálfari 49ers að horfa á eftir öðrum Superbowl titli á lokamínútum leiksins en hann var sóknarþjálfari Atlanta Falcons þegar Fálkarnir glutruðu niður 25 stiga forskoti í lokaleikhlutunum gegn Patriots.

Það var því Chiefs, leitt af Andy Reid, sem tók við titlinum í ár og vann fyrsta titil sinn í 50 ár. Þá var þetta jafnframt fyrsti Superbowl titill Reid í annarri tilraun hans á 22 árum.

kristinnpall@frettabladid.is



Mahomes var valinn besti leikmaður leiksins eftir að hafa kastað fyrir tveimur snertimörkum og hlaupið fyrir einu.

## Var orðið afar leiðinlegt til lengdar að spila hálf meidd

**FÓTBOLTI** Thelma Björk Einarsdóttir, leikmaður kvennaliðs Vals í knattspyrnu, hefur ákveðið að hætta knattspyrnuíðkun. Þetta var tilkynnt á Facebook-síðu Vals í gær en Thelma Björk hefur verið mikilvægur hlekkur í Valsliðinu undanfarin ár.

Hún hefur leikið með Valsliðinu lungann úr ferli sínum. Fyrst frá því árið 2006 til 2014 og svo aftur frá 2016 fram á síðasta haust.

Þessi öflugri leikmaður hefur lyft Íslandsmeistararitlinum sex sinnum með félaginu á þessum kafla og bikarmeistararitlinum þrisvar sinnum. Auk þess að spila með Val lék Thelma Björk með Selfossi frá 2013 til 2015.

„Ástæðan fyrir því að ég set punkt á þessum tímamarki er einfaldlega sú að ég er búin að vera í



Thelma Björk varð Íslandsmeistari með Val í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

» Ég er búin að vera í meiðslum meira og minna síðan 2013 þegar ég sleit krossband. Það dregur heilmikið úr gleðinni þegar ég get ekki verið í þessu alveg 100 prósent.

meiðslum meira og minna síðan árið 2013 þegar ég sleit krossband. Ég hef í raun og veru aldrei náð að vera heil til lengri tíma síðan þá, því hnéð dúkkar alltaf upp með eitthvað vesen. Það dregur svo alveg heilmikið úr gleðinni þegar ég get ekki verið í þessu alveg 100 prósent,“ segir Thelma Björk um síðustu árin í fótboltanum í samtali

við Fréttablaðið.

Alls lék hún 159 leiki með þessum liðum og skoraði sjö mörk. Þá lék hún 12 A-landsleiki á ferli sínum og spilaði einnig með yngri landsliðum Íslands. Thelma Björk er annar leikmaður Íslandsmeistaraliðsins sem lætur staðar numið frá því að síðustu leiktið lauk en áður tilkynnti Margrét Lára Viðarsdóttir um að skórnir væru komnir upp í hillu.

Thelma segir að það sé huggun harmi gegn að kveðja fótboltann með Íslandsmeistararitli hjá Val. „Já, ætli það sé ekki bara einhver sárabót í því að kveðja með þeim hætti. Þetta er samt mjög erfið ákvörðun þar sem fótboltinn hefur verið mér mjög mikilvægur. Ég hef hins vegar fulla trú á því að stelpurnar hjá Val verji titilinn næsta sumar,“ segir hún um ákvörðun sína.

# TÍMAMÓT



Elskuleg móðir okkar,  
**Sigrún Hermannsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,  
frá Seyðisfirði,

lést 2. febrúar á hjúkrunarheimilinu  
Sóltúni.

**Guðný Bjarnadóttir**  
**Einar Bjarnason**  
**Stefanía Sigríður Bjarnadóttir**  
**Hermann Bjarnason**  
**Guðrjúður Bjarnadóttir**



Elsku mamma, tengdamamma,  
amma og langamma okkar,

**Ragnhildur Rósa**  
**Eðvaldsdóttir**

Sléttuvegi 17,

lést sunnudaginn 26. janúar.  
Útför fer fram frá Bústaðakirkju  
7. febrúar kl. 13.00.

**Andrea Gísladóttir** **Ólafur Þorkell Jóhannesson**  
**Andrea Eðvaldsdóttir, Katrín Rósa Eðvaldsdóttir,**  
**Fannar Eðvaldsson, Eirún Eðvaldsdóttir,**  
**Gísli Freyr Ólafsson, Finnur Ólafsson, Beitir Ólafsson**  
og langömmubörn.



Okkar ástkæri sonur, bróðir,  
barnabarn, systursonur og vinur,  
**Sigurður Darri Björnsson**

Erluási 31, Hafnarfirði,

lést af slysförum 29. janúar.  
Útförin fer fram frá Viðistaðakirkju  
föstudaginn 7. febrúar og hefst athöfnin kl.  
13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja  
minnast hans er bent á Björgunarsveit Hafnarfjarðar.

**Björn Arnar Magnússon** **Rannveig Sigurðardóttir**  
**Salvör Svanhvít Björnsdóttir** **Hinrika Salka Björnsdóttir**  
**Sigurðar Þórðarson**  
**Gróa Guðbjörnsdóttir**  
**Sigríður Sigurðardóttir**  
fjölskyldur og vinir.



Eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Hilmir Jóhannesson**

lést á Heilbrigðisstofnuninni  
á Sauðárkróki, fimmtudaginn  
30. janúar síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju  
föstudaginn 7. febrúar kl. 14.00.

**Guðrún S. Hilmisdóttir** **Gunnar Sigurjónsson**  
**Jóhannes Hilmisson** **Ásta Emma Ingólfssdóttir**  
**Eiríkur Hilmisson** **Bergrún Ingimarsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona,  
móðir, tengdamóðir, amma og systir,  
**Álfheiður Sigurgeirsdóttir**

Miðleiti 3, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni  
31. janúar síðastliðinn. Útför hennar fer  
fram frá Grensáskirkju mánudaginn  
10. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er  
bent á minningar- og styrktarsjóð Sóltúns.

**Páll Bjarnason**  
**Kristín Pálsdóttir** **Gunnar Þór Kjartansson**  
**Heiðrún Pálsdóttir** **Gestur Guðjónsson**  
**Bjarni Pálsson** **Unnur Ýr Kristjánsdóttir**  
**Puríður Anna Pálsdóttir**  
**Kristján Frosti, Elva, Álfheiður, Auðunn Páll,**  
**Páll Theodór, Bragi Valur**  
**Ólína Sigurgeirsdóttir**  
**Klemens Sigurgeirsson**

## Börn í brasilískri sveiflu

Skólastjóri og kennarar Tónlistarskóla Eyjafjarðar bregða á leik þessa viku, þeir leyfa nemendum að kynna brasilískri tónlist og bjóða upp á viðburði um allan fjörð.

**V**íð fengum brasilíska slagverksleikarann Rodrigo Lopes og samlanda hans, Guito til að leiðbeina nemendum okkar. Þeir tveir taka að sér þetta námskeið og eru að leiða okkur í brasilíska sveiflu. Vonandi liðka þeir okkur til í vetrarfrostinu og gefa okkur smjörþef af sumri og sól," segir Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Spurður hvort krökkunum þyki ekki gaman svara hann: „Jú, jú, fyrst spurðu þau: „Til hvers erum við að þessu“ en svo detta þeir inn í þennan rythma og þetta er svo skemmtileg tilbreyting frá hversdeginum. Dagur tónlistarskólanna er næsti laugardagur, við verðum frekar róleg þann dag, hins vegar erum við með þemaviku í þessum þremur sveitarfélögum sem skólinn starfar í, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahreppi.“

Víktor segir Tónlistarskóla Eyjafjarðar stóran, af sveitaskóla að vera. „Við erum með nítján kennara og nálægðin við Akureyri gerir okkur kleift að vera með fjölbreytta kennslu. Það er allt í boði, samlegðaráhrifin eru svo sterk. Svo erum við með Laugaborg, gamla félagsheimilið hér við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit, hún var gerð að tónlistarhúsi og hentar okkur mjög vel. Eins notum við þau félagsheimili sem eru á hinum stöðunum.“

Margt fleira forvitnilegt er á dagskrá



Hér eru nemendur úr Hrafnagilsskóla að æfa slagverksleik hjá brasilíska tónlistarkennaranum Rodrigo Lopez og samlanda hans Guito. MYND/GUÐLAUGUR VIKTORSSON



Vonandi liðka þeir okkur til í vetrarfrostinu og gefa okkur smjörþef af sumri og sól.

skólans þessa viku, að sögn Guðlaugs, bæði fyrir nemendur skólans, foreldra þeirra og aðra sveitunga. Til dæmis verður kvikmyndin Frú Elísabet sýnd í öllum sveitarfélögum. Hún fjallar um frú Maríu Elísabetu Jónsdóttur (1869-1945), organista, tónskáld og kórstjóra, sem fyrst íslenskra kvenna fékk birt eftir sig lag á prenti. Í tengslum við sýninguna verða söngstundir.

gun@frettabladid.is



Okkar ástkæra  
**Lilja Þórarinsdóttir**  
(Lilja í Holti)

sem andaðist 25. janúar sl. verður  
jarðsöngin frá Norðfjarðarkirkju  
föstudaginn 7. febrúar kl. 14.

**Valþór Þorgeirsson** **Jóhanna D. Kristinsdóttir**  
**Ólafur Hólm Þorgeirsson** **Jóhanna M. Guðlaugsdóttir**  
**Drífa Þorgeirsdóttir**  
og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn,  
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Þórir Kristjánsson**

skipstjóri,

Fellasmára 4, Kópavogi,

lést föstudaginn 31. janúar  
á hjúkrunarheimilinu Seltjörn.

**Inga Jóna Ólafsdóttir**  
**Helga Þórisdóttir** **Gisli Sveinbjörnsson**  
**Inga Þóra Þórisdóttir** **Guðmundur Helgason**  
**Guðný Þórisdóttir** **Egill Sveinbjörnsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð  
við andlát og útför föður okkar,  
tengdafaður, afa og langafa,

**Friðriks Jóhanns**  
**Stefánssonar**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Sólteigs,  
Hrafnistu, og Friðuhúss fyrir góða umönnun.

**Erla Friðriksdóttir** **Snorri Þórisson**  
**Valur Friðriksson** **Ragna Björk Proppé**  
**Örn Friðriksson** **Aðalbjörg Pálsdóttir**  
**Metta Kristín Friðriksdóttir** **Jón Sigurðsson**  
**Björgvin Friðriksson** **Brynhildur Benediktsdóttir**  
og fjölskyldur.



Okkar innilegustu þakkir fyrir hlýhug  
og samúð við andlát og útför okkar  
elskulega sambýlismanns, pabba,  
tengdapabba, afa og langafa,

**Ragnars Gunnlaugssonar**  
Hátúni.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk  
líknardeildarinnar í Kópavogi fyrir einstaka umönnun  
og nærveru í garð okkar allra.

**Björg Baldursdóttir**  
**Finna Guðrún Ragnarsdóttir** **Garðar Smáráson**  
**Valgarður Ingi Ragnarsson** **Jórunn Sigurðardóttir**  
**Ragna María Ragnarsdóttir** **Guðmundur Hreinsson**  
afa- og langafabörn.



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Sigurður Kristinsson**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni  
18. janúar, verður jarðsöngin frá  
Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn  
7. febrúar klukkan 11.00.

**Pétur Hrafn Sigurðsson** **Sigrún Jónsdóttir**  
**Guðmundur R. Sig. Kemp** **Gróa María Einarsdóttir**  
**Sigurður Hrafn Pétursson** **Svanhvít Sigurðardóttir**  
**Arnar Pétursson**  
**Jóna Þórey Pétursdóttir**  
og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is  
eða hringja í síma 550 5055.

**Önnur þjónusta**

**STARFSMENN**  
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**  
Starfsmannþjónusta

**551 5000**  
proventus@proventus.is

Ármúla 15, 108 Reykjavík  
www.proventus.is

**RATIO**

Eigum krana lausa til leigu  
511 6600 – ratio@ratio.is

**Keypt & Selt**

**Til sölu**



**myranaut**

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

**Óskast keypt**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is  
Opið mán - fös 11-16, kipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

**Húsnæði**

**Húsnæði í boði**

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma. Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

**Atvinnuhúsnæði**

**FRÍSTUNÐABÍL.**  
TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

**Geymsluhúsnæði**


**GEYMSLUR.IS**  
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**Atvinna**

**Atvinna í boði**



**VÉLVÍK**  
www.velvik.is

**NEMI Í RENNISMIÐI / AÐSTODARMADUR Á VERKSTÆÐI.**

Vélvík ehf óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt störf á verkstæði.

Viðkomandi þarf að hafa bílpróf. Einnig getum við bætt við nema í rennismiði.

Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Upplýsingar gefa Magnús eða Daniel í síma 5879960.

Einnig má senda netpóst á velvik@velvik.is



Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík  
Sími 533 6050  
Faxnr. 533 6055  
www.hofdi.is

**Ljósheimar 2 – 104 Reykjavík**



**OPÍÐ HÚS**

**SÝNING Í DAG!**  
Milli kl.17:00 og 17:30

**BJÖRT OG FALLEG ÚTSÝNISÍBÚÐ Á 6.HÆÐ Í LYFTUHÚSNÆÐI Á ÞESSUM VINSÆLA STAÐ Í REYKJAVÍK.**

Íbúðin er 97,3 fm á 6.hæð með tveimur svefnherbergjum og góðri stofu með miklu útsýni! Gott skápláss er í íbúðinni. Sjón er sögu ríkari.

Ásett verð 43,8 millj.

Allar nánari uppl. og skoðun veitir  
**Jóhann Friðgeir**, lgf. s: 896-3038  
eða á johann@hofdi.is

Jóhann Friðgeir  
Valdimarsson

**Capacent**

**Nýtt!**

**Capacent flokkun**

Sparar **tíma** og fyrirhöfn!



**Alfred**

**SVFR**

**AÐALFUNDUR - 2020 -**

**Aðalfundur Stangaveiðifélags Reykjavíkur verður haldinn 26. febrúar 2020. Fundurinn fer fram í Akóges salnum, Lágmúla 4 og hefst hann kl. 17.30.**

Fram fara hefðbundin aðalfundarstörf en dagskrá fundarins verður birt á svfr.is þegar nær dregur. Á aðalfundinum verður formaður SVFR kjörinn til eins árs og kosið verður um sæti þriggja stjórnarmanna til tveggja ára.

Framboðum til stjórnar skal skila skriflega til skrifstofu félagsins eða í tölvupósti á svfr@svfr.is eigi síðar en 12. febrúar nk., fjórtán dögum fyrir aðalfund.


**Þarftu að ráða?**

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

**ráðum**  
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

**RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR**



**intellecta**

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Reykjavík  4   6 °C   ↑	Ísafjörður  -1   7 °C   ↑	Akureyri  2   12 °C   ↗
Egilsstaðir  0   1 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  0   2 °C   ←	Hveravellir  -6   7 °C   ↑

Vaxandi sunnanátt í dag, 10-18 m/s seinni partinn með slyddu eða snjókomu, en síðar rigningu. Heldur hægari og þurrt NA til, en dálítill snjókomu þar í kvöld. Hlýnandi veður.

## Miðvikudagur

Reykjavík  7   10 °C   ↑	Ísafjörður  4   13 °C   ↗	Akureyri  7   7 °C   ↑
Egilsstaðir  5   4 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  6   7 °C   ↗	Hveravellir  2   14 °C   ↑

## Miðvikudagur

Reykjavík  7   10 °C   ↑	Ísafjörður  4   13 °C   ↗	Akureyri  7   7 °C   ↑
Egilsstaðir  5   4 °C   ↑	Kirkjubæjarkl  6   7 °C   ↗	Hveravellir  2   14 °C   ↑

### LÉTT

8	3						
		5	4	3	7	1	2
			5		9		3
			5	8	3	7	
9	8			6			
2		7	9				
		1				6	4
	2			5	8		
6				1	7		

### MIDLUNGS

		4	3	7	5	9	6
			9			3	4
6	2			9		7	
	8					6	
		7	5		3		2
		1	6			5	
		5		4			7
2					9		3
4					8		

### PUNG

		5					6
						4	1
			4		9		
	1	3		8	5		7
				7		2	
6			9	2			3
3		1	5	9			
	9		7		6	3	2
			8			5	

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- Andar
  - Fóðra
  - Hvort
  - Glötun
  - Tveir eins
  - Vafa
  - Sókn
  - Kylfu
  - Hunskast
  - Reyksúlu
- LÓDRÉTT**
- Alls
  - Trú
  - Lærði
  - Ræða
  - Röggsemi
  - Kyrtil
  - Ómerkilegt
  - Þar til
  - Kaðall

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. sáhl, 5. alá, 6. ef, 8. missir, 10. til, 11. efra, 12. fram, 13. lúrk, 15. snaua, 17. stök.  
LÓDRÉTT: 1. samtafs, 2. ált, 3. las, 4. reifa, 7. framtek, 9. sekur, 12. rat, 14. uns, 16. to.

## Skák Gunnar Björnsson

Bubnov atti gegn Orajevski árið 1926.

1...Rd3! 2. Dxc7 Bxf2+ 3. Kh1 Rxe1! 0-1.

Fimmta umferð Skákhátíð MótX fer fram í kvöld. Ingvar Þór Jóhannesson var efstur fyrir umferð kvöldsins.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

### Svartur á leik



9	1	4	6	2	5	8	3	7
6	2	7	8	3	4	1	9	5
3	5	8	9	7	1	6	4	2
5	3	2	1	8	7	9	6	4
8	4	9	3	6	2	5	7	1
7	6	1	4	5	9	2	8	3
1	8	5	7	4	6	3	2	9
2	7	3	5	9	8	4	1	6
4	9	6	2	1	3	7	5	8

1	5	7	3	2	8	4	6	9
2	6	3	9	7	4	5	8	1
4	8	9	6	5	1	2	7	3
6	2	4	1	8	7	9	3	5
9	7	1	2	3	5	6	4	8
8	3	5	4	6	9	7	1	2
3	9	8	5	4	6	1	2	7
5	4	2	7	1	3	8	9	6
7	1	6	8	9	2	3	5	4

1	7	3	5	9	6	8	2	4
4	6	8	7	1	2	5	9	3
2	5	9	3	4	8	7	6	1
9	2	6	4	3	7	1	5	8
3	8	7	6	5	1	9	4	2
5	1	4	8	2	9	6	3	7
8	3	1	9	6	4	2	7	5
6	4	2	1	7	5	3	8	9
7	9	5	2	8	3	4	1	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



Eftir Frade Øverli

## Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Bjódum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Járn & Gler ehf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin  
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

DAG HVERN LESA

**93.000**

ÍSLENDINGAR  
FRÉTTABLAÐIÐ  
AÐ MEÐALTALI



Kolbrún  
Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Sýningin Far í Hafnarborg í Hafnarfirði er ljósmyndasýning sem leiðir saman verk Ralphs Hannam og Þórdísar Jóhannesdóttur. Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar, er sýningarstjóri: „Ralph Hannam var áhugaljómmyndari sem lést fyrir nokkrum árum. Upphaflega kom hann hingað með breska setuliðinu og eftir að hafa kvænst íslenskri konu settist hann að hér á landi. Þórdís Jóhannesdóttir er myndlistarmaður og notar ljósmyndina sem miðil. Ég kynntist verkum Ralphs þegar ég vann í Þjóðminjasafninu en börn hans gáfu safninu filmusafn hans eftir lát hans. Mér datt í hug að Þórdís gæti haft áhuga á að skoða verk hans. Ég bað hana að heimsækja Ljósmyndasafn Íslands í Þjóðminjasafninu og fletta í gegnum ljósmyndir áhugaljósmyndara frá því um miðja síðustu öld en á þeim tíma var nokkuð stór hópur ljósmyndara að vinna með alls konar tilraunir í ljósmyndun. Hún gerði það, og eins og ég hafði gert á sínum tíma, heillaðist hún af verkum Ralphs. Hún valdi úr safni hans myndir til að tala við myndir úr sínu eigin safni. Hún tók því sjálf engar nýjar myndir, þannig að þarna eru tvö ljósmyndasöfn að tala saman, hans og hennar.“

#### Listrænar tilraunir

Spurð um viðfangsefni Ralphs Hannam segir Ágústa: „Hann var skrifstofumaður og vann síðan fyrir breska sendiráðið. Þegar hann var að ganga heim úr vinnunni síðdegis var hann með myndavélina og nýtti sér oft þessa skemmtilegu skugga sem myndast í síðdegisbirtunni. Hann var líka heillaður af allskyns formum. Í myndum hans sjáum við iðnaðarmannvirki og ummerki um framkvæmdir á sjötta áratugnum. Þetta eru samt engar heimildaljósmyndir um uppbyggingu Íslands í kjölfar stríðsins. Þetta eru mótíf og maður sér að hann var að gera listrænar tilraunir.“

Hann tilheyrði samfélagi áhuga-ljósmyndara hér á landi og þeir hittust oft og voru jafnvel saman að mynda og leita að skemmtilegum mótífum. Hann stillti aldrei upp og það gerir Þórdís ekki heldur.“

#### Skemmtileg mótíf

Um myndir Þórdísar í samburði við myndir Hannam segir Ágústa: „Þórdís er á svipuðum nótum og hann var. Hann var tæknilega sinnaður og átti góða myndavél meðan hún vann með stafræna tækni og tekur jafnvel myndir á símann sinn. Hún, eins og hann, tekur myndir af því sem á vegi hennar verður. Hún stillir ekki upp heldur finnur þessi skemmti-



Ágústa Kristófersdóttir, forstöðumaður Hafnarborgar. Í bakgrunni eru myndir eftir Ralph Hannam. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Leitin að því áhugaverða

### Á sýningunni Far í Hafnarborg eru ljósmyndir eftir Ralph Hannam og Þórdísi Jóhannesdóttur, form, ljós og skuggar.

UM LEIÐ ER VERIÐ AÐ MINNA Á AÐ LEITIN AÐ EINHVERJU ÁHUGAVERÐU Í KRINGUM OKKUR, ÞESSI SKAPANDI ÞÖRF LISTAMANNA, ER EILÍF.



Ljósmynd eftir Ralph Hannam.

legu mótíf, sem eins og hjá honum, eru oft samspil forma og ljóss og skugga. Hún tekur líka þó nokkuð af myndum af listaverkum annarra. Maður þarf að hafa einstak-

lega glögg auga og mikla þekkingu á íslenskri myndlist til að átta sig á slíkum myndum.“

Ágústa segir það hafa verið ákaflega gaman að setja þessa sýningu saman. „Það er gaman að geta dregið fram myndir Ralphs og sett í samhengi við samtímalistamann eins og Þórdísi og skapað samtal sem á erindi við okkur í dag. Um leið er verið að minna á að leitinn að einhverju áhugaverðu í kringum okkur, þessi skapandi þörf listamanna, er eilíf.“



Mynd eftir Þórdísi Jóhannesdóttur.

Hvað?  
Hvenær?  
Hvar?  
Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

4. FEBRÚAR 2019

#### Tónlist

**Hvað?** Herdís Anna í Hafnarborg  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Hafnarborg, Hafnarfirði  
Herdís Anna Jónasdóttir, sópran, ásamt Antoníu Hvesi flytur aríur eftir Verdi, Bellini og Donizetti. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir, Agangur er ókeypis.

**Hvað?** Sons of Gíslason  
**Hvenær?** 20.30

**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu 28  
Í hljómsveitinni eru Freysteinn Gíslason á kontrabassa, Helgi R. Heidarsson á saxófón, Hrafnkell Gauti Sigurðarson á gítar og Óskar Kjartansson á trommur. Þeir flytja tónlist eftir bassaleikarann Freystein í bland við standarda.

#### Orðsins list

**Hvað?** Arabísk orð í íslensku og öðrum Evrópumálum  
**Hvenær?** 16.30  
**Hvar?** Veröld – hús Vigdísar Þórir Jónsson Hraundal, lektor í arabísku við HÍ, flytur fyrirlestur um sögu og uppruna arabískra tókuorða í íslensku og öðrum Evrópumálum. Sum eru algeng, t.d. sófi og sykur, en önnur eru það ekki

**Hvað?** Bergþóra Snæbjörns á bók-

menntakvöldi  
**Hvenær?** 19.30-20.30

**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness  
Bergþóra Snæbjörnsdóttir rit höfundur mun spjalla um nýju bókina Svínshöfuð og lesa upp úr henni. Boðið upp á kaffi og kruður og allir eru velkomnir!

**Hvað?** Grasrótin og gervigreind  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Snorrastofa, Reykholti Borgarfirði  
Geta mennta- og menningarstofnanir fleytt landsbyggðinni inn í framtíðina? er spurning sem Vífill Karlsson, dósent við HA, veltir fyrir sér og styðst við skoðanakönnun frá 2016 og 2017. Kaffiveitingar og umræður. Aðgangseyrir 1.000 kr.

#### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Listhugleiðsla  
**Hvenær?** 12.10.-12.50  
**Hvar?** Listasafn Einars Jónssonar

Tannlækningar í Ungverjalandi

Sparaðu allt að 50-70%!



Fyrir

Eftir

Hafðu samband:  
+ 36 70 942 9573

info@fedaszdental.hu  
www.tannlaeknathjonusta.is

## DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

## HRINGBRAUT

**20.00 Heyrnin** Heyrnin er tveggja þátta fræðsluröð um þau úrræði sem bjóðast fólki sem glímir við heyrnartap.

**20.30 Lífið er lag** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árána. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.

**21.00 21 - Fréttapáttur á Þriðjudegi** 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringapáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

**21.30 Skrefinu lengra** Frábærir þættir í umsíðun Snæðis Snorrardóttur þar sem fjallað er um alla flóru námskeiða og tímstunda sem í boði eru fyrir fólk á öllum aldri.

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**

**12.50 Menningin**

**13.00 Gettu betur 1993 Versló - VMA**

**14.05 Augnablik úr 50 ára sögu sjónvarps**

**14.15 Pricebræður** bjóða til veislu

**14.55 Stíklur**

**15.50 Menningin - samantekt**

**16.20 Okkar á milli Guðrún Dröfn Emilsdóttir**

**16.50 Íslendingar - Jón Sigurðsson** Jón Sigurðsson var mikilvirkur höfundur dægurlagatexta og laga. Lög með textum hans hljómuðu áratugum saman í óskalagaþáttum og eru enn leikin. Hann hóf feril sinn í tónlistinni ungur að aldri. Í hálfari öld lék hann gömlu dansana á harmóniku með eigin hljómsveit.

**17.50 Táknálsfréttir**

**18.00 KrakkaRÚV**

**18.01 Bitið, brennt og stungið**

**18.17 Sköpunargleði. Hannað með Minecraft**

**18.34 Sebastian og villtustu dýr Afríku**

**18.50 Krakkafréttir**

**19.00 Fréttir**

**19.25 Íþróttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**19.50 Menningin**

**20.05 Kveikur**

**20.45 Stórgróði - Cleaning Up**

**21.35 Best í Brooklyn Brooklyn - Nine Nine**

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veður**

**22.20 Saklaus - Innocent**

**23.10 Á valdi óvinarins - Close to the Enemy** Bresk leikin þáttaröð í sjö hlutum sem gerist við lok seinni heimsstyrjaldar. Þýska verkfræðingnum Dieter Koehler er rænt ásamt ungri dóttur sinni og þau flutt til Bretlands. Koehler hefur sérhæft sig í þotuhönnun og herforingjanum Callum Fergusson er falið það verkefni að fá hann til að aðstoða bresk yfirvöld hvað sem það kostar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. e.

**00.10 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Saudi International** Útsending frá Saudi International.

**12.30 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA-mótunum.

**13.25 Saudi International**

**17.55 PGA Tour** Útsending frá Waste Management Phoenix Open.

**21.55 PGA Tour**

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

## Dagskráin á Hringbraut

21



## Stuðmenn í 50 ár

Óborganlegt viðtal við **Egil Ólafs og**

**Kobba Magg** um sögu og sérstöðu

einnar **dáðustu** og **langlífustu**

**hljómsveitar landsmanna** sem

stofnuð var **1970. Skrýtnustu**

**uppákomurnar**, ömurlegustu

tónleikarnir, **stærstu sigrarnir**, dýpsta

sorgin ... í einlægni sagt í **frétta- og**

**umræðuþættinum 21** á Hringbraut

í kvöld kl. 21:00.


h

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

Fylgstu með!

Beltone Trust™

# Hlustaðu á hjartað þitt



**Beltone Trust™** heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • [heyra.is](http://heyra.is)

**HEYRNARSTÖÐIN**



## Hildur sló í gegn á Bafta

Hildur Guðnadóttir hlaut verðlaun fyrir bestu tónlist í kvikmynd og þótti bera af í klæðavali að mati Vogue, einu virtasta tiskutimariti heims. Móðir hennar og sonur munu fylgja henni til Los Angeles þar sem góðar líkur eru taldar á að hún muni hampa Óskarsverðlauninum á sunnudaginn. – ssp

## Mamma raðar inn bikurunum

Já, fannst þér hann ekki flottur?“ spurði Ingvaldur Guðrún Ólafsdóttir, móðir Hildar Guðnadóttur, þegar Fréttablaðið náði sambandi við hana á heimili Hildar í Berlín til þess að forvitnast um kjólinn sem kvikmyndatónskáldið klæddist þegar hún tók við BAFTA-verðlauninum fyrir tónlistina í Joker.



Ingvaldur Guðrún Ólafsdóttir, móðir Hildar, fylgir ömmustráknum Kára til Los Angeles.

launaatinu undanfarið og Ingvaldur segir þeim Hildi hafa orðið vel til vina. „Hann Karim þekkir þennan hönnuð eitthvað og reddaði henni þessum kjól,“ segir Ingvaldur amma, sem er búin að dvelja í Berlín í rúma viku.

„Amman er búin að vera að passa drenginn, Kára son hennar Hildar, og hundinn,“ heldur Ingvaldur áfram og bætir við að ekki hafi veitt af því að létta aðeins á álaginu á Hildi. „Hún er svo rosalega upptekin. Ég er búin að vera hérna hjá henni í rúma viku og hún er búin að halda tvenna tónleika líka. Það bættist ofan á. Chernobyl-tónleikar sem voru ákveðnir með hálfis árs fyrirvara. Þetta er alveg svakaleg keyrsla,“ segir Ingvaldur og bætir við að í dag fljúgi þau Kári til Los Angeles.

„Hún bauð mömmu sinni og drengnum með. Kári er ægilega montinn af mömmu sinni. Hann spilar fótbolta og keppnismadurinn sem hann er kallar verðlaunin bikara. Þannig að mamma hans sankar að sér bikörum og þeir eru allir á kommóðunni við rúmið hjá honum. Hann fær að hafa þetta hjá sér, keppnismadurinn. Þetta er mikið metnaðarmál fyrir hann.“ – þþ



Hildur mætti í veislu fyrir tilnefnda á laugardegnum sem fram fór í Kensington-höll. Hún var klædd silkikjól frá íslenska hönnuðinum Hildi Yeoman.

MYNDIR/NORDIC PHOTOS

Á verðlaunin sjálf mætti Hildur í kjól frá úkraínska tiskumerkinu Lever Couture, en hann var í línu merkisins frá 2018. Vogue valdi Hildi sem eina af þeim best klæddu á hátíðinni.



# Óskarsbikarinn einn eftir

Stjörnurnar klæddust sínu fínasta þússi þegar BAFTA-verðlaunin voru afhent á sunnudagskvöld og Hildur Guðnadóttir tónskáld hélt áfram sigurgöngu sinni. Katrín hertogaynja mætti í kjól frá árinu 2012.

## Best klæddu stjórnur kvöldsins

Athygli vakti að Katrín Middleton hertogaynja klæddist kjól sem hún hafði verið í á viðburði fyrir átta árum. Það kom ekki að sök, þar sem hún er ofarlega á listum helstu tiskumiðla yfir best klæddu stjórnur kvöldsins. – ssp



Leikkonan Zoe Kravitz vakti athygli í þessum gyllta kjól frá Saint Laurent.



Breska leikkonan Daisy Ridley var töff í smaragðsgrænum kjól.



Katrín hertogaynja var í kjól frá Alexander McQueen. Hún hafði áður klæðst kjólnum árið 2012. Kjólnum hafði lítillaga verið breytt. Axlinnar voru formaðri og ermarnar ekki gegnsæjar.



Renée Zellweger trónir á toppi lista flestra eðlendra tiskumiðla yfir best klæddu stjórnur kvöldsins.



Leikkonan og fyrirsætan Jodie Turner-Smith var í heiðgulum kjól. Vinkonar hennar Naomie Ackie var flott í þessum ljósgræna kjól.



STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
KYNNIR:

# MARIA BAPTIST

→ **BEINT FRÁ BERLÍN**

23. febrúar

Kl. 20.00

Silfurberg

## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

# 93.000

Íslendinga lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.\*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is**.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



Valgeir vildi heiðra Hannes og Jónas með því að gera Hraun í Öxnadal söngvænna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sálmastuðmaðurinn leitaði músíkrótanna

Valgeir Guðjónsson leitaði músíkrótanna til að „afpoppa“ sig og uppskar þá lög sem falla vel að kórsöng. Hann spáir ansi skrautlegum laugardegi þegar lög hans munu óma í Langholtskirkju.

Þótt Valgeir Guðjónsson hafi, meðal annars sem hrekkjusvín og stuðmaður mikill, komið víða við á tónlistarferli sem teygir sig yfir svo gott sem hálfu öld er fólk sjálfsagt almennt líklegra til þess að tengja hann við popplög í g-dúr frekar en kórsöng.

Lög hans hafa þó í seinni tíð hljómað æ oftast hjá kórum víða um land og nokkur þeirra orðið fastir liðir hjá kirkjukórum og Valgeir segir aðspurður að líklega sé orðið óhætt að tala um hann sem stuðsálmaskáld.

„Ég er búinn að semja dálítið af lögum sem hafa hentað vel fyrir kóra að syngja og það er mjög skemmtilegt,“ segir Valgeir og rekur þessa þróun til þess að hann hafi verið að „afpoppa“ sig með því að „leita meira í mínar músíkrætur,“ sem hann segir miklu frekar hafa komið upp úr einhvers konar þjóðlagatónlist.

„En ég fór svo strax í bitlið í gaggó og svo vatt það nú upp á sig,“ segir Valgeir þegar hann rifjar upp „að það var stofnuð hljómsveit í Hamrahlíðinni“ og Stuðmenn urðu til. „Það átti nú bara að tjalda þessu til einnar nætur en ég held að næturnar skipti orðið þúsundum og ég var nú ekki alltaf með.“

Hálfrar aldar afmæli Stuðmanna er handan við hornið en Valgeir talar þó um yfirvofandi hátíðarhöld af því tilefni sem framtíðarmúsík sem komi í kjölfar kórtónleika í Langholtskirkju á laugardaginn.

👁️👁️ **ÉG Á SVO AÐ KYNNA EITTHVAÐ AF ÞESSU LÍKA, ÚTSKÝRA AÐEINS SPILVERKIÐ, STUDMENN, HREKKJUSVÍNIN OG SVO VONANDI SJÁLFAN MIG.**

👁️👁️ **ÉG SAMDI LAGIÐ EFTIR PÖNTUN MEÐ EIGINLEGA ÞEIRRI EINU KVÖÐ AÐ ÞAD YRÐI AÐ VERA VIÐ KVÆÐI EFTIR HANNES HAFSTEIN.**

### Söngmusteri í Sólheimum

„Laugardagurinn verður ansi skrautlegur. Langholtskirkja er mikið söngmusteri og þar eru held ég vel á þriðja hundrað meðlimir í sex kórum þar sem yngstu kórfélagarnir eru fjögurra ára,“ heldur Valgeir áfram en lög hans verða ýmist flutt af aðskildum eða blönduðum kórum í kirkjunni.

„Ég hef búið um sex ára skeið á Eyrarbakka þar sem við Ásta Krístrún, eiginkona mín, reukum menningarhúsið Bakkastofu ásamt afkomendum,“ segir Valgeir sem ætlar að þeytast milli Langholtskirkju og Hannesarholts með gítarinn á lofti í hressilegri kaupstaðarferð þeirra hjóna þar sem seinni tíma músíktíraunir hans munu fá að njóta sín.

„Barnakórarnir verða með mér í Langholtskirkju og það er nú alltaf afskaplega fallegt form að heyra. Ég

syng með þeim og svo syngja þau sjálf og ég hef nú verið að rifja upp lög sem ég hef ekki sungið lengi. Ég á svo að kynna eitthvað af þessu líka, útskýra aðeins Spilverkið, Stuðmenn, Hrekkjusvínin og svo vonandi sjálfan mig.

### Mærðarsteypa Jónasar

Að kirkjutónleikunum loknum tekur Valgeir stefnuna á Hannesarholt þar sem hann frumflytur nýtt lag sem hann samdi við Hraun í Öxnadal, þekkt ljóð Hannesar Hafsteins um Jónas Hallgrímsson.

„Ég samdi lagið eftir pöntun með eiginlega þeirri einu kvæði að það yrði að vera við kvæði eftir Hannes Hafstein,“ segir Valgeir en tilefnið er sjö ára afmæli menningarhússins.

„Ég samdi þetta um um áramótin og hékk dálítið yfir þessu fullur metnaðar enda á Jónas allt gott skilið. Hann samdi kvæði sem byrjar á þessum tveimur línunum: „Þar sem háir hólar, hálfan dalinn fylla“ og svo fer hann bara í einhverja svona mæðarsteypu en Hannes gerir þetta svo fallega og af svo mikilli virðingu þótt hann hafi náttúrulega verið karlmannlegt skáld með afbrigðum.“

„Ef veðrið er gott vonast ég til að geta fengið eitthvað af krökkunum úr kórnum til að koma og syngja þetta en annars geri ég það bara sjálfur með Völu, dóttur minni, og okkar litla þriggja gítara bandi sem við höfum verið að leika okkur með við að taka lög eftir mig og Völu sem er óskaplega slyngur lagasmíður.“

**toti@frettabladid.is**





Cheerios  
síðan  
1993

Heiðar Logi, brimbrettakappi



## BAKÞANKAR

Hauks Arnar  
Birgissonar



## Mannalögfræði

Lögfræðin á það til að vera rúðustrikuð. Mörgum gremst það en hjá því verður ekki komist. Réttarríkið krefst þess að lagatexti sé skýr, skiljanlegur, aðgengilegur og fyrirsjáanlegur, svo ekki þurfi að koma til umfangsmikilla túlkana. Lagatexti er hins vegar, eins og öll manna verk, sjaldnast fullkominn. Þegar svo ber undir er mikilvægt að sambærileg mál fái svipaða meðferð og samskonar niðurstöðu. Þótt hún sé ekki öllum að skapi, þá er samræmið mikilvægt.

Nokkrum sinnum á ári gýs upp hávær umræða, þegar til stendur að vísa fólki úr landi sem ekki hefur hér dvalarleyfi. Slík mál eru eðlilega tilfinningaþrungin og oftar en ekki fá ráðherra og starfsmenn Útlendingastofnunar yfir sig fúkyrðlaum. Það er mjög ósanngjarnt, enda vill þetta fólk ekki, frekar en aðrir, vísa útlenskum barnafjölskyldum úr landi. Réttara væri að skammast í þeim sem semja lög, frekar en þeim sem eiga að framfylgja þeim. Þeim síðarnefndu er mikil vorkunn. Niðurstöður dvalarleyfismála mega þó ekki ráðast af vinsældum útlendinganna, fjölda bekkjarsystkina þeirra, fjöldamót-mælum eða aðgengi vana þeirra að fjölmiðlum. Slíkar niðurstöður samræmast ekki kröfum okkar um jafnræði, gagnsæi og fyrirsjáanleika.

Að því sögu þá var ánægjulegt að lesa niðurstöðu í máli hins sjö ára gamla Muhammed Faisal um helgina, sem á síðustu stundu fékk að vera áfram á Íslandi vegna þess langa tíma sem það hefur tekið að afgreiða mál fjölskyldunnar. Það er gaman þegar lögfræðin getur verið manneskjuleg og rétt er að fagna niðurstöðu ráðherra. En til að fyrirbyggja að álíka staða komi upp aftur þá er mikilvægt að skerpa á reglum, tryggja samfellda framkvæmd þeirra og málshraða – í því felst vandasamt starf sem krefst, umfram alls annars, yfirvegunar.

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

Kvikk  
ON THE GO

FRELSAÐU  
ANDANN



SMINT®  
SYKURLAUST

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



# Gæðarúm í miklu úrvali



## DELUXE

Hágæða 7 svæðaskipt heilsudýna. Styður rétt við líkamann. Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstjöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm	Verð aðeins kr. <b>77.900.-</b>
120x200 cm	Verð aðeins kr. <b>89.900.-</b>
160x200 cm	Verð aðeins kr. <b>119.900.-</b>
180x200 cm	Verð aðeins kr. <b>134.900.-</b>

Ath. fleiri stærðir í boði.



## VALHÖLL

5 svæðaskipt heilsudýna. Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm	Verð aðeins kr. <b>77.900.-</b>
120x200 cm	Verð aðeins kr. <b>89.900.-</b>
160x200 cm	Verð aðeins kr. <b>119.900.-</b>
180x200 cm	Verð aðeins kr. <b>134.900.-</b>

Ath. fleiri stærðir í boði.



## SAGA

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur. Pokagormakerfi, þrýstjöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrun.

Verð með botni og fótum:

90x200 cm	Verð aðeins kr. <b>99.900.-</b>
120x200 cm	Verð aðeins kr. <b>119.900.-</b>
160x200 cm	Verð aðeins kr. <b>154.900.-</b>
180x200 cm	Verð aðeins kr. <b>169.900.-</b>

Ath. fleiri stærðir í boði.

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eda breytingar.



**ROBERTO**  
Rafstillanlegur.  
Leður, nokkrir litir.  
Verð kr. **179.900.-**

Mikið úrval af hvíldarstólum  
Verð frá kr. 79.900.-

**STILLANLEG  
RÚM Í ÚRVALI**



**AMALFI**  
Hágæða rafstillanlegur tungusófi.  
Ítalskt leður. Til í svörtu og ljós  
gráu leðri  
Verð kr. **389.900.-**



Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233 | BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150  
OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16 | svefnogheilsa.is  
UMBODSADILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstaðir

